



## Fundargerðir byggingarnefndar 1943-1945

---

Aðfnr. 7209

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[www.borgarskjalasafn.is](http://www.borgarskjalasafn.is)

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



SKJALASAFN

REYKJAVÍKURBÆJAR

Fundargerðir

byggingarnefndar

1943 - 45

.077.5:025.26 - .785.075.15

Aðfnr. 7209







BYGGINGARNEFND

FUNDARGJÖRÐIR

1943 - 1945



B y g g i n g a r n e f n d .

Ár 1943, fimtudaginn 14. janúar kl. 5 e.h. hélt bygg -  
ingarnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs.

Þetta gerðist:

1. Eyjólfur Jónsson, Baldursgötu 3, sækir um leyfi til að byggja bifreiða og geymsluskúr úr steinsteypu á lóð sinni nr. 3 við Baldursgötu. Stærð 40,70 ferm. Frestað.
2. Vegamálastjórinn, Arnarhvoli, sækir um leyfi, f.h. vega - gerðar ríkissjóðs, til að byggja tvílyft geymsluhús úr steinsteypu á lóð Vegagerðarinnar nr. 5 við Borgartún. Stærð 264,60 ferm. Samp. Gjald kr. 151,00.
3. Gunnlaugur Briem, Barónsstíg 65, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi því er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 58 við Efstasund. Samp. Gjald kr. 20,00.
4. Bæjarverkfræðingur sækir f.h. bæjarsjóðs um leyfi til að stækka sölubúð nr. 135 við Hringbraut um 8,75 ferm.; enn - fremur að gera útlitsbreytingar á geymsluhúsi tilheyrandi húsunum nr. 135 - 149 við Hringbraut. Samp. Gjaldfrítt.
5. Sigurmundur Guðnason, Laugavegi 13, sækir um leyfi til að endurbyggja hús sitt, sem var nr. 4 við Reykjavíkurveg, á lóðinni nr. 5 við Hrísteig. Stærð 57,08 ferm. Jafnframt er feldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð samþykktur á fundi nefndarinnar 27. ágúst 1942. Samp. Gjald kr. 45,00.
6. Sami sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr hlöðnum steini á lóðinni nr. 5 við Hrísteig. Stærð 30,69 ferm. Samp. Gjald kr. 7,00.
7. Helgi Bjarnason, Þórsgötu 19, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðar - og verzlunarhús ásamt bílskúr úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 14 við Hrísteig. Stærð 121,95 ferm. Samp. Gjald kr. 51,00.
8. Júlíus Júlíusson, Hrísteig 25, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 25 við Hrísteig. Stærð 22,4 ferm. Samp. Gjald kr. 5,00.
9. Matthías Eyjólfsson, Hörpugötu 11, sækir um leyfi til að breyta geymsluskúrum í bráðabirgða - íbúð á lóðinni nr. 11 við Hörpugötu. Frestað.



10. Grímur Jónsson, Laugarnesveg 68, sækir um leyfi til að byggja einlyfta viðbyggingu úr timbri við hús sitt nr. 68 við Laugarnesveg. Stærð 9,00 ferm. Samp. Gjald kr. 5,00
11. Björn Guðmundsson, Laugaveg 47, sækir um leyfi til að byggja einlyft verzlunarhús úr steinsteypu á lóð sinni nr. 47 við Laugaveg. Stærð 108,00 ferm. Samp. Gjald kr. 65,00.
12. Steinar E. Ólafsson, Eiríksgötu 33, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 46 við Miðtún. Stærð 20.81 ferm. Ennfremur að gera útlits - og fyrirkomulagsbreytingar á húsi því er hann hefur í smíðum á sömu lóð. Samp. Gjald kr. 20,00.
13. Sveinn Jónsson, Miðtún 50, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 50 við Miðtún. Stærð 89.25 ferm. Samp. Gjald kr. 46,00.
14. Sverrir Sverrisson, Ránargötu 44, sækir um leyfi til að setja kvist á hús sitt nr. 44 við Ránargötu. Samp. Gjald kr. 10,00.
15. Magnús Einarsson, Sogamýrarbl. 54, sækir um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 60 við Skúlagötu. Stærð 127,88 ferm. Samp. Gjald kr. 169,00.
16. Steinsteypan H/F, Skúlagötu, sækir um leyfi til að byggja einlyft vöru - og efnisgeymsluhús úr hleðslusteini, stærð 168,96 ferm. vinnuhús úr sama, stærð 97,35 ferm, og þurkskýli úr timbri og hlöðnum steini, stærð 82,50 ferm. allt á lóð þeirri er hún hefur fengið á leigu við Vitatorg. (Vitalóðin) Samp. Gjald kr. 115,00.
17. Landsbanki Íslands, Reykjavík, sækir um leyfi til að skifta úr landi sínu Bráðraði við Grandaveg ca. 5100 ferm. lóð er verði við framhald Hringbrautar. Samp.
18. Húsameistari ríkisins sækir f.h. byggingarnefndar Hallgrímskirkju í Reykjavík um leyfi til að byggja hluta af fyrirhugaðri Hallgrímskirkju á Skólavörðuhæð. Stærð 201.5 ferm.

Lagt fram bréf Skipulagsnefndarinnar viðvíkjandi kirkjunni dags. 31. des. 1942. Frestað.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Stj. Guðmundsson Pétur Ingimundars.

Á. Sigurðsson

Sig. Pétursson.



BYGGINGARNEFND.

Ár 1943, fimmtudaginn 28. janúar, kl. 5 e.h., hélt byggingar-  
nefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni :

1. Guðmundur Fr. Einarsson, Fálkagötu 26, sækir um leyfi til að setja braðabirgða-pak á hus það, er hann hefir í smíðum á leigulóð sinni nr. 36 við Efstasund. Samþykkt. Gjald kr. 10.00.
2. Sigurður Jónsson, Garðastræti 43, sækir f.h. Inger Laxdal um leyfi til að byggja braðabirgða-skurbyggingu ur timbri við hus hennar nr. 15 við Hafnarstræti. Stærð 1.27 ferm. Frestað.
3. Ottarr Proppé o.fl., Víðimel 57, sækir um leyfi til að stækka íbúðarhus á erfðafestulandi sínu Kringlumyrarbl. XVI um 46.38 ferm., ur timbri. Samþykkt með þinglesnu skilyrði um kvöð á erfðafestulandi-  
inu Kringlumyrarbl. XVII. Gjald kr. 12.00.
4. Gosdrykkjaverksmiðjan Sanítas, Lindargötu 9, sækir um leyfi til að gera utlits- og fyrirkomulagsbreytingar á husi því, er hun hefir í smíðum á loð sinni nr. 9 við Lindargötu. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.
5. H/f. Segull, Verbuðum, sækir um leyfi til að byggja einlyfta vinnustofu ur hlöðnum steini á loð þeirra nr. 26 við Nylendugötu. Stærð 101.25 ferm. Samp. með þinglesnu skilyrði um, að húsið verði tekið burtu bænum að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður með sex mannaða fyrirvara. Gjald kr. 30.00.
6. Ísafoldarprentsmiðja h/f., Austurstræti, sækir um leyfi til að gera utlitsbreytingar á husi því, sem hun hefir í smíðum á loðinni nr. 5 við Þingholtsstræti. Frestað.
7. Húsameistari ríkisins sækir f.h. byggingarnefndar Hallgrímssóknar um leyfi til að byggja Hallgrímskirkju á Skólavörðuhæð. Stærð 1675.86 ferm. Frestað.
8. Eftirtöldum mönnum veitt viðurkenning til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:

A. trésmiðir:

nr. 281	Haraldur B. Haraldsson, Kárastíg 13
- 282	Ingimar Hallgrímsson, Óðinsgötu 24
- 283	Jón B. Kristbjörnsson, Freyjugötu 45

B. múrsmiðir:

nr. 123	Skarphéðinn Kristbergsson, Sólvallag. 54.
---------	---

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson.  
Hörður Bjarnason.  
Sig. Pjetarsson.

Stp. Guðmundsson.  
Pjetur Ingimundarson.  
Á. Sigurðsson.



Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar 4. febr. 1943.

*[Faint, illegible text, likely bleed-through from the reverse side of the page.]*

Endurskoðun bæjarins.



## Byggingarnefnd.

Ár 1943, fimtugdaginn 11. febrúar, kl. 5 e.h., hélt byggingarnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Nefndina skipa nú eftir kosningu bæjarstjórnar 4. þ.m.: Guðmundur Ásbjörnsson, Björn Bjarnason, Hörður Bjarnason og Ársell Sigurðsson, auk borgarstjóra og slökkviliðs - stjóra.

### Fundarefni:

1. Þorvaldur Guðmundsson, Barónsstíg 51, sækir um leyfi til að byggja hluta af fyrirhuguðu verzlunar- og íbúðarhúsi á lóð sinni nr. 37 við Bergstaðastræti. Stærð þess sem byggja skal nú er 193,26 fern. ein hæð úr steinsteypu. Samþ. Gjald kr. 69,00.
2. Almenna byggingarfélagið H/F, Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja einlyfta bráðabirgða smiðju og bílgeymslu úr timbri að Blönduhlíð við Reykjarnesbraut. Stærð 91,20 fern. Samþ. með þinglýstu skilyrði að það verði tekið burtu þanum að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður með 6 mánaða fyrirvara. Gjald kr. 27,00
3. Örnúlfur Örnúlfsson, Hringbraut 52, sækir um leyfi til að hafa innveggi í húsi því er hann hefur í smiðum á leigu - lóðinni nr. 41 við Efstasund úr timbri í stað steinsteypu, eins og áður var samþykkt. Samþ. Gjald kr. 5,00.
4. Sigurður Jónsson, Garðastræti 43, sækir f.h. Inger Laxdal um leyfi til að byggja bráðabirgða skúrbyggingu úr timbri við hús hennar nr. 15 við Hafnarstræti. Stærð 1,27 fern. Samþ. Gjald kr. 5,00.
5. Atli Eiríksson, Sunnuhvoli, sækir um leyfi til að setja gluggakvisti á hús það, er hann hefir í smiðum á leigulóð sinni nr. 81 við Hringbraut. Synjað.
6. Atli Eiríksson, Sunnuhvoli, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 81 við Hringbraut. Stærð 38,85 fern. Synjað.
7. Jón Guðvarðsson, Njálsgötu 62, sækir um leyfi til að stækka verksmiðjuhús sitt við Köllunarklettsveg um 140,75 fern. Frestað.
8. B. Stefánsson, Laugaveg 22, sækir um leyfi til að byggja þrílyft íbúðar- og verzlunarhús á lóð sinni nr. 22 við Laugaveg. Stærð 85,08 fern. Samþ. Gjald kr. 120,00.
9. Þuríður Lange, Laugaveg 10, sækir um leyfi til að gera útlitð og fyrirkonulagsbreytingar á húsi sínu nr. 13 við Þingholtsstræti. Frestað.



10. Ísafoldarprentsmiðja H/F, Austurstræti, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á bakhlíð húss þess, er hún hefir í sniðum á lóðinni nr. 5 við Þingholtsstræti. Samp. Gjald kr. 5,00.
11. Húsameistari ríkisins sækir f.h. byggingarnefndar Hall - grímssóknar, um leyfi til að byggja Hallgrímskirkju á Skólavörðuhæð. Stærð 1675,86 ferm. Samp. Gjald kr.2423,-.
12. Lagt fram svarbréf bæjarverkfræðings varðandi umsóknir Eggerts Claessen dags. 5. júlí 1942 um skiftingu lóða í Skerjafirði. Synjað um skiftingu lóðanna.
13. Veitt viðurkenning til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:  
Trésmíður:  
nr. 284 Sigurður Jónsson, Grettisgötu 81.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson

Bj. Bjarnason

Hörður Bjarnason

Pétur Ingimundarson

Á. Sigurðsson

Sigurður Pétursson

Fundargerðin lögð fram á fundi bæjarstjórnar 18. febr. 194

Samp. með 10:2 atkv. að fresta 11. lið.

Fundargerðin svo breytt samþykkt.

Endurskoðun bæjarins.



Byggingarnefnd.

Ár 1943, fimtudaginn 25. febrúar, kl. 5 e.h., hélt byggingarnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Guðbjörn Guðjónsson, Höfðaborg 97, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóð sinni nr. 11 við Efstasund. Stærð 49,92 ferm. Samp. Gjald kr. 16,00. ✓
2. Magnús Gíslason og Kristinn Jónsson, Laugaveg 157, sækja um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri klætt asbestplötum á leigulóðinni nr. 24 við Efstasund. Stærð 131,72 ferm.  
Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð, samþykktur á fundi nefndarinnar 27. ágúst 1942. Frestað.
3. Pöntunarfélagið á Grímsstaðaholti, Fálkagötu 28, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðar- og verzlunarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 18 við Fálkagötu. Stærð 125,47 ferm. Samp. Gjald kr. 82,00. ✓
4. Vélsmiðjan Keilir H/F, Reykjavík, sækir um leyfi til að hafa loft yfir efri hæð húss þess er hún hefir í smíðum á Gelgjutanga við Elliðaárveg úr timbri í stað steinsteypu. Samp. Gjald kr. 5,00. ✓
5. Jón Finnbogason, Hörpugötu 38, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðar- og verzlunarhús á leigulóð sinni nr. 49 við Langholtsveg. Stærð 90,0 ferm.  
Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð, samþykktur á fundi nefndarinnar þ. 9. júlí 1942. Frestað.
6. Matthías Sigfússon, Möðruvöllum við Ásveg, sækir um leyfi til að byggja einlyfta málaravinnustofu úr vikursteinum við hús sitt á erfðafestulandinu Laugarásbl.XI. Stærð 46,75 ferm. Samp. Gjald kr. 14,00. ✓
7. Þór Sandholt, Reynimel 31, sækir um leyfi til að gera fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu nr. 31 við Reynimel. Samp. Gjald kr. 5,00. ✓
8. Þuríður Lange, Laugaveg 10, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu nr. 3 við Þingholtsstræti. Samp. Gjald kr. 15,00. ✓
9. Lagt fram bréf frá skipulagsnefnd bæja varðandi hæðir húsa við Laugavegin, milli Klapparstígs og Hringbrautar. Byggingarnefnd fellst á tillögur þær, sem fram eru settar í bréfinu.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Björn Bjarnason Pétur Ingimundarson  
Á. Sigurðsson Sigurður Pétursson.



Byggingarnefnd.

Ár 1943, fimmtudaginn 11. marz, kl. 5 e.h., hélt bygg-  
ingarnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Jón Betúelsson, Bræðraborgarstíg 53, sækir um leyfi til að setja bráðabirgða þak á hús það er hann hefir í smíðum á lóð sinni nr. 34 við Bræðraborgarstíg í stað þess sem áður var samþykkt. Synjað.
2. Guðmundur Gíslason, Melhól v/Sundlaugaveg, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 16 við Efstasund. Stærð 77,0 ferm. Frestað.
3. Magnús Gíslason, Laugaveg 157, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, klætt asbest-sement plötum, á leigulóðinni nr. 24 við Efstasund. Stærð 65,5 ferm. Samp. Gjald kr. 19,00.
4. Jón Jónsson, Grettisgötu 36, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða bílskúr úr timbri á lóð sinni nr. 36 við Grettisgötu. Stærð 15,60 ferm. Synjað.
5. Haraldur Sæmundsson, Karlagötu 1, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á lóð sinni nr. 1 við Karlagötu. Stærð 21,94 ferm. Frestað.
6. Jón Finnbogason, Hörpugötu 38, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðar- og verzlunarhús á leigulóð sinni nr. 49 við Langholtsveg. Stærð 90,0 ferm. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð, samp. á fundi nefndarinnar þ. 9. júlí 1942. Samp. Gjald kr. 31,00. Áður greitt kr. 15,00. Mismunargjald kr. 16,00.
7. Einar Einarsson, Mánagötu 25, sækir um leyfi til að byggja viðbyggingu úr steini við hús sitt nr. 25 við Mánagötu. Stærð 14,02 ferm. Frestað.
8. Þorsteinn Einarsson, Brekku, Sogamýri VII, sækir um leyfi til að stækka úr timbri íbúðarhús á erfðafestulandi sínu Sogamýri VII um 2,38 ferm., ennfremur að gera á því útlits- og fyrirkomulagsbreytingar. Frestað.
9. Lagt fram svarbréf skipulagsnefndar við bréfi byggingarfulltrúans, dags. 15. febr. s.l., viðvíkjandi byggingu firmlyfts verzlunarhúss á lóð Hafnarsjóðs við Kalkofnsveg austanverðan. Að fengnu álitni Skipulagsnefndar getur Byggingarnefnd ekki séð sér fært að veita umbeðið byggingarleyfi.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Björn Bjarnason Pjetur Ingimundarson

Hörður Bjarnason

Þórh. Sandholt.



Pannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar 18. marz 1943.

*[Faded, illegible text, likely bleed-through from the reverse side of the page.]*

Endurskoðunardeild bæjarins.

*[Faded, illegible text, likely bleed-through from the reverse side of the page.]*



B y g g i n g a r n e f n d.

Ár 1943, fimmtudaginn 25. marz, kl. 5 e.h., hélt byggingarnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austur - stræti 16.

Fundarefni:

1. Jón Betúelsson, Bergstaðastræti 55, sækir um leyfi til að setja bráðbirða þak á 1. hæð húss þess er hann hefir í smíðum á lóð sinni nr. 34 við Bræðraborgar - stíg. Samp. Gjald kr. 5,00.
2. Oddsteinn Gíslason, Lindargötu 28, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigu - lóð sinni nr. 13 við Efstasund. Stærð 95,0 ferm. Frestað.
3. Guðmundur Gíslason, Melhól v/Sundlaugaveg, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 16 við Efstasund. Stærð 77,0 ferm. Frestað.
4. Kristinn Jónsson, Laug. 157, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri klætt asbest - sement - plötum á leigulóðinni nr. 23 við Efstasund. Stærð 79,5 ferm. Samp. Gjald kr. 23,00.
5. Jón Sveinsson, Brú, Þormóðsstaðabletti, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikursteini á leigulóð sinni nr. 27 við Efstasund. Stærð 132,19 ferm. Frestað.
6. Ólafur Pálsson, Bergstaðastræti 34, sækir um leyfi til að gera fyrirkomulagsbreytingar á húsi því, er hann hefir í smíðum á leigulóð sinni nr. 52 við Efstasund. Samp. Gjald kr. 5,00.
7. H/F Ofnasmiðjan, Einholti 10, sækir um leyfi til að stækka verksmiðjubyggingu sína við Einholt nr. 10. Stærð 5,98 ferm. Samp. Gjald kr. 5,00.
8. Skafti Kristjánsson o.fl., Gullteig 3, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsi því er þeir hafa í smíðum á leigulóðinni nr. 3 við Gullteig. Samp. Gjald kr. 5,00.
9. Félag ísl. myndlistamanna, c/o Jón Þorleifsson, Blátúni, sækir um leyfi til að gera viðbyggingu úr hlöðnum steini við sýningarskála félagsins, sem það hefir í smíðum á lóð Ríkissjóðs nr. 12 við Kirkju - stræti. Stærð 22,7 ferm. Samp. með sama skilyrði og leyfið fyrir sýningarskálanum Gjald kr. 7,00.



10. Ágúst Hakonsson, Laufásv. 19, sækir um leyfi til að breyta reykþáfi á húsi því er hann hefir í smíðum á leigulóð sinni nr. 51 við Langhóltsveg. Samp. Gjald kr. 5,00.
11. Málning og Járnvörur H/F, Laugaveg 25, sækir um leyfi til að byggja hluta af fyrirhuguðu verzlunar- og skrifstofuhúsi úr steini á bakhluta lóðar þeirra nr. 23 við Laugaveg. Stærð 59,27 ferm. Samp. Gjald kr. 58,00.
12. Haraldur Gíslason, Garð. 17, o.fl. sækja um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni við Nóatún. Stærð 76,5 ferm. Frestað.
13. Sveinbjörn Kristjánsson, Hverf. 39, sækir um leyfi til að hækka kjallara húss þess er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 58 við Skúlagötu. Samp. Gjald kr. 5,00.
14. Bergur Hallgrímsson, Vatnsstíg 3, sækir um leyfi til að byggja þrílyfta bifreiða- og vélaverkstæðis byggingu á leigulóð sinni við Suðurlandsbraut. Stærð 655,68 ferm. Vísað til Skipulagsnefndar og bæjarverkfæðings til umsagnar.
15. Ferdinand Bertelsen, Hafnarstræti 11, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr úr timbri á erfðafestu-landi sínu Vatnagarðabletti III. Stærð 35,0 ferm. Samp. Gjald kr. 10,00
16. Haraldur Sæmundsson, Karlag. 1, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á lóð sinni nr. 1 við Karlagötu. Stærð 21,94 ferm. Frestað.
17. Einar Einarsson, Mánagötu 25, sækir um leyfi til að byggja tvílyfta viðbyggingu úr steinsteypu við hús sitt nr. 25 við Mánagötu. Stærð 14,02 ferm. Synjað.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson

Björn Bjarnason

Pjetur Ingimundarson

Sigurður Pjetursson

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar 1. apríl 1943.

Endurskoðunardeild bæjarins.



Byggingarnefnd.

Ár 1943, fimmtudaginn 8. apríl kl. 5 e.h., hélt byggingarnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16,

Þetta gerðist:

1. Hörður Markan, Þverveg 6, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á lóð sinni nr. 32 við Baugsveg. Stærð 56,0 fer. Samp. Gjald kr. 17,00.
2. Ásgeir Þorsteinsson, Fjölnisveg 12, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulandi sínu við Blesugróf. Stærð 70,0 fern. Samp. með þinglesnu skilyrði, um að húsið verði rífið bænum að kostnaðarlausu, að leigutíma landsins liðnum, ef þess verður krafist. Gjald kr. 34,00.
3. Magnús Bjarnason, Bræðraborgarstíg 10, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á lóð sinni nr. 10 við Bræðraborgarstíg. Stærð 22,75 fern. Frestað.
4. Magnús Gíslason, Laugaveg 157, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóð sinni nr. 24 við Efstasund. Stærð 65,5 fern. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð samþykktur á fundi nefndarinnar 4. marz 1943. Samp. Gjald kr. 15,00.
5. Gunnar Vilhjálmsson, Hátún 35, sækir um leyfi til að byggja girðingu úr steinsteypu meðfram götu um lóðina nr. 35 við Hátún. Synjað.
6. Björn Gunnlaugsson, Hávallagötu 42, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á lóð sinni nr. 42 við Hávallagötu. Stærð 21,78 fern. Samp. Gjald kr. 5,00.
7. Jón Bergsson, Hávallagötu 40, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á lóð sinni nr. 40 við Hávallagötu. Stærð 21,78 fern. Samp. Gjald kr. 5,00.
8. Sigurgeir Sigurdórsson, Laugarnesvegi 67, sækir um leyfi til að hækka ris á húsi því er hann hefir í smíðum á leigulóð sinni nr. 14 við Hrístateig. Samp. Gjald kr. 5,00.
9. Skjaldbreið H/F, Kirkjustræti 8, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða viðbyggingu úr steini á baklóð hússins nr. 8 við Kirkjustræti. Stærð 73,52 fern. Frestað.
10. Emaúel Júl. Bjarnason, Þorragötu 9, sækir um leyfi til að stækka íbúðarhús sitt á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XII úr timbri, um 27,30 fern, enn fremur að setja undir það kjallara. Samp. Gjald kr. 20,00.
11. Alexander Guðmundsson o.fl. Bjarmalandi v/Laugarnesveg sækja um leyfi til að hækka útihús að Bjarmalandi um eina hæð, úr steinsteypu og breyta því í verksmiðjuhús. Synjað.



12. Sælgætis & og efnagerðin Freyja H/F, Lindargötu 14, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða kæliklefa úr timbri og asbest-plötum við hús sitt nr. 14 við Lindargötu. Stærð 16,3 fern. Samþ. með þinglesnu skilyrði um að skúrinn verði rifinn bænum að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður með 3 mánaða fyrirvara. Gjald kr. 14,00
13. Sigurjón Pálsson, Þórsgötu 27, sækir um leyfi til að gera útlits - og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu nr. 7 við Miklubraut. Samþ. Gjald kr. 10,00.
14. Olgerðin Egill Skallagrímsson, Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja vélahús úr steinsteypu á lóð þeirra nr. 35 við Rauðarárstíg. Stærð 144,0 fern. Frestað.
15. Páll Einarsson, o.fl., Eiríksgötu 23, sækir um leyfi til að byggja tvílyft bifreiða - og vélaverkstæði á leigulóð sinni við Suðurlandsbraut. Stærð 691,40 fern. Frestað.
16. Bergur Hallgrímsson, Vatnsstíg 3, sækir um leyfi til að byggja tvílyft bifreiða - og vélaverkstæði úr steinsteypu á leigulóð sinni við Suðurlandsbraut. Stærð 655,68 fern. Samþ. Gjald kr. 454,00.
17. Skipaafgreiðsla Jes Zinsen, Hafnarstræti, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða afgreiðsluskúr úr timbri á lóðinni nr. 23 við Tryggvagötu, við bráðabirgða vörugeymsluhús á sömu lóð. Stærð 17,64 fern. Samþ. með þinglesnu skilyrði um að skúrinn verði tekinn burtu bænum að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður með þriggja mánaða fyrirvara. Gjald kr. 5,00.
18. Ólöf Björnsdóttir, Túngötu 46 sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr og gróðurhús úr steinsteypu á lóð sinni nr. 46 við Túngötu. Stærð 29,48 fern. Frestað.
19. Lagt fram svarbréf Skipulagsnefndar varðandi fyrirspurn um skiftingu lóðarinnar nr. 7 við Skálholtsstíg. Byggingar - nefnd getur ekki fallist á að leyfa umbeðna lóðaskiftingu.
20. Veitt viðurkenning til að standa fyrir húsasmíði í Reykja - vík :

Trésmíður:

nr. 285 Sigurgeir Guðjónsson, Bræðraborgarstíg 47.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson  
Hörður Bjarnason

Björn Bjarnason  
Á. Sigurðsson

Pjetur Ingimundarson  
Sig. Pjetursson.



## Byggingarnefnd.

Ár 1943, fimmtudaginn 29. apríl kl. 5 e.h., hélt byggingarnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

### Fundarefni:

1. Anna Guðmundsdóttir, Baugsvegi 29, sækir um leyfi til að stækka kvist á bakhlíð hússins nr. 29 við Baugsveg. Samþ. Gjald kr. 10,00.
2. Ragnar Jónsson, Bústöðum við Bústaðaveg, sækir um leyfi til að byggja heyhlöðu úr vikurholsteini og steinsteypu á erfðafestulandinu Bústöðum. Stærð 87,7 $\frac{1}{2}$  ferm. Samþ. Gjald kr. 40,00.
3. Axel Smith, Eiríksgötu 11, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 11 við Eiríksgötu. Stærð 32,53 ferm. Samþ. Gjald kr. 8,00.
4. Rafnagnsveita Reykjavíkur, Tjarnarg. 12, sækir um leyfi til að byggja tvílyfta viðbyggingu úr steinsteypu við spennistöð Sogsvirkjunarinnar við Elliðaár. Stærð 50,93 ferm. Samþ. Gjald kr. 45,00.
5. Jóhann Fr. Kristjánsson, Fjólugötu 25, sækir um leyfi til að hækka viðbyggingu við hús sitt nr. 25 við Fjólugötu um eina hæð út steinsteypu. Synjað.
6. Sigfús Aristjánsson, Þjórsárgötu 1, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóð sinni nr. 22 við Hrísatveg. Stærð 58,40 ferm. Jafnframt er úr gildi felldur uppdráttur að húsi á sömu lóð, samþ. á fundi nefndarinnar 29. október 1942. Samþ. Gjald kr. 8,00.
7. Tónas Vigfússon, Víðinél 57, sækir um leyfi til að gera útlits - og fyrirkomulagsbreytingar á húsi því er hann hefir í sníðun á lóðinni nr. 5 við Höfðatún. Samþ. Gjald kr. 10,00.
8. Ingimar Þorsteinsson, Kaplaskjólsvéi 11 sækir um leyfi til að gera útlits - og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu nr. 9 við Kaplaskjólsvæg. Samþ. Gjald kr. 10,00.
9. Sami sækir um leyfi til að gera útlits - og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu nr. 11 við Kaplaskjólsvæg. Samþ. Gjald kr. 10,00.
10. Haraldur Samundsson, Karlagötu 1, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 1 við Karlagötu. Stærð 20,47 ferm. Samþ. Gjald kr. 5,00.
11. Pétur Bjarnason, Kirkjustræti 10B, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða bílskúr úr vikursteini á lóð Bað - hússins nr. 10B við Kirkjustræti. Stærð 43,75 ferm. Samþ. með þingl. skilyrði um að skúrinn verði rifinn þenur að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður með þriggja mánaða fyrirvara. Gjald kr. 10,00.



12. Hróbjartur Guðjónsson, Hverfisgötu 92A, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingu á húsi því, er hann hefir í smíðum á leigulóð sinni nr. 61 við Langholstveg, jafnframt að byggja kjallara undir hluta hússins. Samp. Gjald kr. 15,00.
13. Aage Lorange, Laugarnesvegi 47, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr hlöðnum vikurholsteini við hús sitt nr. 47 við Laugarnesveg. Stærð 25,00 ferm. Samp. Gjald kr. 6,00.
14. Þorleifur Helgi Eyjólfsson, Eiríksgötu 31, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 3 við Miklubraut. Stærð 45,70 ferm. Samp. Gjald kr. 10,00.
15. Haraldur Gíslason ofl., Garðastræti 17, sækja um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð þeirra nr. 19 við Nóatún. Stærð 76,5 ferm. Jafnframt er úr gildi felldur uppdráttur af húsi á sömu lóð, samp. á fundi nefndarinnar 9. október 1941. Samp. Gjald kr. 54,00.
16. H/F Segull, Verbúð 9, sækir um leyfi til að byggja einlyfta bráðabirgða vinnustofu úr hlöðnum steini á lóð sinni nr. 26 við Nýlendugötu. Stærð 101,25 ferm. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð, samp. á fundi nefndarinnar 28. janúar 1943. Samp. með þingl. skil yrði um að húsið verði tekið burtu bænum að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður með sex mánaða fyrirvara. Gjald kr. 9,00.
17. Páll Einarsson, ofl. Eiríksgötu 23, sækja um leyfi til að byggja tvílyft bifreiða- og vélaverkstæði á leigulóð þeirra við Suðurlandsbraut. Stærð 691,40 ferm. Samp. Gjald kr. 525,00.
18. Magni H/F, Þingholtsstræti 23, sækir um leyfi til að byggja hluta af fyrirhuguðu verksmiðjuhúsi, úr steini á leigulóð sinni sunnan Suðurlandsbrautar. Stærð 188,79 ferm. Synjað.
19. Ólöf Björnsdóttir, Túngötu 46, sækir um leyfi til að byggja bílskúr og gróðurhús úr steinsteypu, á lóð sinni nr. 46 við Túngötu. Stærð 29,48 ferm. Frestað.
20. Sigurgeir Einarsson, Vesturgötu 28, sækir um leyfi til að stækka hús sitt nr. 28 við Vesturgötu um 109,09 ferm. og enn fremur að gera á því útlitsbreytingu og hækka það um eina hæð. Samp. Gjald kr. 162,00.
21. Guðmundur Agnarsson, Þverv. 2, sækir um leyfi til að byggja einlyft bráðabirgða íbúðarhús úr timbri á lóð sinni nr. 2 við Þverveg. Stærð 36,00 ferm. Samp. með þingl. skil - yrði um að húsið verði tekið burtu bænum að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður með 6 mánaða fyrirvara. Gjald kr. 10,00.
22. Byggingarfulltrúi leggur til að hús Péturs Ámundasonar við Nóatún, skuli teljast nr. 18 við Nóatún. Sam.
23. Veitt viðurkenning til að standa fyrir húsasmíði í Reykja - vík:  
Trésmiður: Stefán Sigurmundsson, Sólvallagötu 15.



24. Skjaldbreið H/F, Kirkjustræti 8, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða viðbyggingu úr steini, á baklóð hússins nr. 8 við Kirkjustræti. Starð 73,85 ferm. Gjald kr. 38,00. Samp. með þingl. skilyrði um að viðbyggingin verði tekin burtu bænum að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður með þriggja mánaða fyrirvara. Ennfremur að skúrar þeir sem fyrir eru á lóðinni verði rifnir.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Björn Bjarnason Pétur Ingimundarson  
Á. Sigurðsson Sigurður Pétursson.

Fundargerðin lögð fram á fundi bæjarstjórnar 6. maí 1943.  
16. lið frestað.

Endurskoðunardeild bæjarins.



Byggingarnefnd,

Ár 1943, fimmtudaginn 13. maí kl. 5 e.h., hélt byggingarnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Eyjólfur Jónsson, Bergstaðastræti 46, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða bíl - og geymsluskúr á lóðinni nr. 3 við Baldursgötu. Stærð 40,70 ferm. Synjað.
2. Anton Sigurðsson, Bráðvallagötu 26, sækir um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 16 við Brávallagötu. Stærð 103,07 ferm. Samp. Gjald kr. 108,00.
3. Tómas Vigfússon, víðimel 57, sækir um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 18 við Brávallagötu. Stærð 103,07 ferm. Samp. Gjald kr. 108,00.
4. Guðjón Sigurðsson, Þorónsstíg 63, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsi því, er hann hefir í smíðum á leigulóð sinni nr. 14 við Efstasund. Ennfremur að mega steypa útveggi í stað þess að hlaða þá úr vikurholsteini eins og áður var samþykkt. Samp. Gjald kr. 10,00.
5. Guðmundur Gíslason, Melhól v/ Sundlaugaveg, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 16 við Efstasund. Stærð 77,0 ferm. Samp. Gjald kr. 39,00.
6. Kristinn Jónsson, Laugav. 157, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri klætt asbest plötum, á leigulóð sinni nr. 23 við Efstasund. Stærð 79,5 ferm. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð samþykktur á fundi nefndarinnar 25 marz 1943.
7. Jón Sveinsson Brú, Þormóðsstaðabletti, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikursteini á leigulóð sinni nr. 27 við Efstasund. Stærð 132,19 ferm. Samp. Gjald kr. 71,00.
8. Jón Sigurðsson, Fjólugötu 21, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á lóð sinni nr. 21 við Fjólugötu. Stærð 22,0 ferm. Samp. Gjald kr. 5,00.
9. Kristinn Jónsson Frakkastíg 12, sækir um leyfi til að gera útlits - og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu nr. 12 við Frakkastíg. Frestað.
10. Hússtjórn Góðtemplarastúknanna, Fríkirkjuveg 11, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða viðbyggingu út holsteini við geymsluskúr á lóð sinni nr. 11 við Fríkirkjuveg. Stærð 37,95 ferm. Samp. Gjald kr. 11,00.



11. Hússtjórn Góðtemplarastúknanna, Fríkirkjuveg 11, sækir um leyfi til að gera fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu Fríkirkjuveg 11. Samp. Gjald kr. 15,00.
12. Ingólfur Guðmundsson, Kjartansgötu 1, sækir um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 76 við Grettisgötu. Stærð 85,57 ferm. Frestað.
13. Ingólfur Guðmundsson, Kjartansgötu 1, sækir um leyfi til að girða lóðina nr. 1 við Guðrúnargötu með steiptum garði að Guðrúnargötu og Gunnarsbraut. Samp. Gjald kr. 5,00.
14. Sigurður Sigurðsson, Hringbraut 61, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 61 við Hringbraut. Stærð 25,8 ferm. Ennfremur að gera á húsinu útlits- og fyrirkomulagsbreytingar. Samp. Gjald kr. 16,00.
15. Vikurfélagið H/F, Hringbraut, sækir um leyfi til að breyta verksmiðjuhúsi sínu við Hringbraut, ennfremur að gera við það tvær viðbyggingar úr steinsteypu að stærð samt. 261,18 ferm. Samp. Gjald kr. 71,00.
16. Gústaf Þórðarson, Hörpugötu 31, sækir um leyfi til að byggja hús það er hann hefir í smíðum á leigulóð sinni nr. 31 við Hrístateig, úr steinsteypu í stað timbers, eins og áður var samþykkt. Samp. Gjald kr. 5,00.
17. Stefán Hannesson, Reykjavíkurveg 31, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikurholsteini á leigulóð sinni nr. 39 við Hrístateig. Stærð 82,50 ferm. Samp. Gjald kr. 43,00.
18. Júlíus Óskarsson, Bræðraborgarstíg 10, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóð sinni nr. 106 við Kleppsveg. Stærð 45,99 ferm. Frestað.
19. Eyvindur Árnason, Laufásv. 52, sækir um leyfi til að byggja neðanjarðar kjalla á lóð sinni nr. 52 við Laufásveg. Samp. Gjald kr. 15,00.
20. Olgerðin Egill Skallagrímsson, Hafnarhúsinu, sækir um leyfi til að byggja einlyft vélahús úr steinsteypu á lóð sinni nr. 35 við Rauðarárstíg. Stærð 144,0 ferm. Samp. Gjald kr. 58,00.
21. Bílasmiðjan H/F, Skúlatúni 4, sækir um leyfi til að byggja einlyfta viðbyggingu úr steinsteypu við verksmiðjuhús sitt á leigulóðinni nr. 4 við Skúlatún. Stærð 193,73 ferm. Frestað.
22. Haukur Thors, Smáragötu 16, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á lóð sinni nr. 16 við Smáragötu Stærð 26,23 ferm. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af bílskúr og geymslu samþykkt á fundi nefndarinnar 29. maí 1941. Samp. Gjald kr. 5,00.
23. Raflampagerðin, Suðurg. 3, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsi sínu nr. 3 við Suðurgötu. Samp. Gjald kr. 15,00.



24. H/F Segull, Verbúðum 9, sækir um leyfi til að byggja einlyfta vinnustöru úr hlöðnum steini, á lóð sinni nr. 26 við Nýlendugötu. Starð 101 25 ferm. Máli þessu, sem var 16. liður í fundargerð byggingar- nefndar 29. apríl s.l., var frestað á fundi bæjarstjórnar 6. maí 1943. Ástæðan fyrir þessari frestun er að eigendur þessarar eignar óska að leyfið sé veitt sem fullkomið byggingarleyfi, en ekki bráðabirgðaleyfi eins og áður var bókað. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð samþykktur á fundi nefndarinnar 28. janúar 1943. Samp. Gjald kr. 9,00.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Pjetur Ingimundarson

Hörður Bjarnason

Sigurður Pjetursson

Björn Bjarnason

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar 20. maí 1943.

Endurskoðunardeild bæjarins.



Byggingarnefnd.

Ár 1943, fimmtudaginn 27. maí kl. 5 e.h. hélt bygg-  
ingarnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Bjarni Bjarnason, Bergþórugötu 12, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr úr vikursteinum á lóð sinni nr. 12 við Bergþórugötu. Stærð 22,59 ferm. Samp. Gjald kr. 5,00.
2. Guðmundur Guðmundsson, Suðurgötu 4, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóð sinni nr. 44 við Efstasund. Stærð 58,22 ferm. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð samþykktur á fundi nefndarinnar 8. október 1942. Samp. Gjald kr. 5,00.
3. Sami sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr holsteinum á lóðinni nr. 44 við Efstasund. Stærð 32,0 ferm. Samp. Gjald kr. 6,00.
4. Pöntunarfélagið á Grímsstaðaholti, Fálkagötu 28, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu nr. 18 við Fálkagötu. Samp. Gjald kr. 10,00.
5. Jóhann Eyvindsson, Blönduhlíð við Reykjarnesbraut, sækir um leyfi til að byggja sumarhúsið úr timbri á steinsteypum kjallara á erfðafestulandinu Fossvogsbl. XLIII. Stærð 24,96 ferm. Samp. Gjald kr. 11,00.
6. H/F Keilir, Gelgjutanga, sækir um leyfi til að endurbyggja húsið nr. 31 við Hörðugötu á leigulóð félagsins að Gelgjutanga. Stærð 37,72 ferm. Samp. Gjald kr. 20,00.
7. Kristinn Jónsson, Frakkastíg 12, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu nr. 12 við Frakkastíg. Samp. Gjald kr. 25,00.
8. Indriði Nielsson, Laugavegi 38, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu nr. 9 við Guðrúnargötu. Samp. Gjald kr. 10,00.
9. Sveinn Sigurðsson, Hávallagötu 20, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu um lóðina nr. 20 við Hávalla-götu. Frestað.
10. Hannes Magnússon, Hávallagötu 18, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu um lóðina nr. 18 við Hávallagötu Frestað.
11. Skúli Ó. Theodórs, o fl. Reynimel 54, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð sinni nr. 19 við Holtsgötu. Stærð 168,10 ferm. Synjað.
12. Atli Eiríksson, Hringbraut, 81, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 81 við Hringbraut. Stærð 37,25 ferm. Ennfremur að girða lóðina með steypum garði Frestað.



13. Bæjarverkfræðingur sækir f.h. bæjarsjóðs um leyfi til að byggja varðmannaskýli úr steinsteypu á barnaleikvellingnum við Hringbraut. Stærð 10,19 ferm. Samp.
14. Jón S. Ólafsson, Hörpugötu 15, sækir um leyfi til að gera útveggi efri hæðar húss þess er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 20 við Hrístateig úr vikursteini, og innveggi (burðarveggi) úr hlöðnum steypusteini, í stað timburs. Samp. Gjald kr. 5,00.
15. Þorleifur Gunnarsson, Ingólfsstræti 9, sækir um leyfi til að byggja einlyfta bráðabirgða viðbyggingu úr steini við hús sitt nr. 9 við Ingólfsstræti. Stærð 23,10 ferm. Synjað.
16. Guðmundur Grímsson, Karlagötu 22, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 22 við Karlagötu. Stærð 18,20 ferm. Samp. Gjald kr. 5,00.
17. Júlíus Óskarsson, Bræðraborgarstíg 10 A, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóð sinni, nr. 106 við Kleppsveg. Stærð 45,99 ferm. Samp. Gjald kr. 24,00.
18. Sigurbergur Einarsson, Laugarnesvegi 44, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 44 við Laugarnesveg. Stærð 80,63 ferm. Samp. Gjald kr. 73,00.
19. Andrés Andrésson, Laugav. 3, sækir um leyfi til að byggja eina hæð úr steini ofan á bakhús á lóð sinni nr. 3 við Laugaveg. Samp. með þinglýstu skilyrði um að viðbót þessi verði tekin burtu þanum að kostnaðarlausu, hvenær sem krafist verður með þriggja mánaða fyrirvara. Gjald kr. 25,00.
20. Sig. Ág. Guðmundsson, Mjólnisholti 10, sækir um leyfi til að byggja vinnuskúr úr steini á lóðinni nr. 10 við Mjólnisholt. Stærð 27,03 ferm. Samp. Gjald kr. 6,00.
21. Bergsveinn Ólafsson, Ránargötu 20, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 20 við Ránargötu. Stærð 22,16 ferm. Samp. Gjald kr. 5,00.
22. Olgerðin Egill Skallagrímsson, Hafnarhúsinum sækir um leyfi til að byggja kassageymslu úr timbri, við vélahús það á lóðinni nr. 35 við Rauðárarstíg, er samþykkt var á síðasta fundi nefndarinnar. Stærð 90.0 ferm. Samp. Gjald kr. 16,00.
23. Richard Eiríksson, Santún 4, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 4 við Santún. Stærð 18,40 ferm. Frestað.
24. Áfengisverzlun ríkisins, Reykjavík, sækir um leyfi til að gera fyrirkomulagsbreytingar á húsi verzlunarinnar Nýborg við Skúlagötu, ennfremur að byggja við það 76,50 ferm. viðbyggingu úr steini. Samp. Gjald kr. 71,00.
25. Bílasmiðjan H/F, Skúlatúni 4, sækir um leyfi til að byggja einlyfta viðbyggingu úr steinsteypu við verksmiðjuhús sitt á leigulóðinni nr. 4 við Skúlatún. Stærð 193,73 ferm. Samp. Gjald kr. 77,00.



26. Kristín Ingimundardóttir, Smáragötu 10, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á lóð sinni nr. 10 við Smáragötu. Stærð 23,83 ferm. Samp. Gjald kr. 7,00.
27. Þorsteinn Einarsson, Brekku, Sogamýri VII, sækir um leyfi til að gera útslits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu, Sogamýri VII, ennfremur að byggja við það goymslu-skúr úr steini, að stærð 11,40 ferm. og andyri úr timbri að stærð 5,76 ferm. = 17,16 ferm. Samp. Gjald kr. 20,00.
28. Eiríkur Hjartarson, Laugalandi, Þvottalaugabletti XV, sækir um leyfi til að byggja þakhæð úr timbri ofan á hús sitt Þvottalaugablett XV. Frestað.
29. Kristinn Jóhannsson o.fl., Vitastíg 9A, sækja um staðfestingu byggingarnefndar fyrir skiftingu lóðanna nr. 9 og 9A við Vitastíg, sem er þannig að lóðin nr. 9 er 132,1 ferm. og lóðin nr. 9A 137,9 ferm. Samp.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Á. Sigurðsson

Pjetur Ingimundarson

Sigurður Pjetursson

Björn Bjarnason.

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar 1. júlí 1943.

Endurskoðunardeild bæjarins.



Byggingarnefnd.

Ár 1943, fimmtudaginn 10. júní kl. 5 r.h. hélt bygg-  
ingarnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni :

1. Þórir Baldvinsson, Búnaðarbankanum, sækir um leyfi til að hafa lofthæðir í húsi því, sem hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 14 við Brávallagötu, 2,47 í stað 2,70 m. eins og áður var samþykkt. Ennfremur að gera á því útlits- og fyrirkomulagsbreytingar. Frestað.
2. Kristján Benediktsson, Bústaðabletti 3, sækir um leyfi til að byggja við hús sitt, Bústaðablett III, 46,0 ferm. einlyfta viðbyggingu úr steinsteypu. Samp. Gjald kr. 32,-
3. Kristinn Jónsson, Laugaveg 157, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri klætt asbest plötum á leigulóð sinni nr. 23 við Efstasund. Stærð 79,5 ferm. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð samp. á fundi nefndarinnar þann 25. marz 1943. Samp. Gjald kr. 19,00.
4. Jón Jóhannsson, Freyjugötu 45, sækir um leyfi til að byggja kjallara undir hluta af húsi því er hann hefir í smíðum á leigulóð sinni nr. 31 við Efstasund. Ennfremur að gera á því útlits- og fyrirkomulagsbreytingar. Samp. Gjald kr. 17,00.
5. Þorlákur Ottesen, Bollagötu 6, sækir um leyfi til að stækka bílskúr þann sem hann hefir í smíðum við hús sitt nr. 6 við Bollagötu um 18,9 ferm. og ennfremur að gera á honum útlitsbreytingar. Samp. Gjald kr. 10,00.
6. Bæjarverkfræðingur f.h. hæjarsjóðs, sækir um leyfi til að byggja varðmannsskýli úr steinsteypu á barnaleikvellinum við Freyjugötu. Stærð 15,36 ferm. Samp.
7. Helgi Einarsson, Hátún 29, sækir um leyfi til að hafa loft yfir 1. hæð hússins nr. 29 við Hátún úr timbri í stað steinsteypu eins og áður var samþykkt. Samp. Gjald kr. 5,00.
8. Hannes Magnússon, Hávallagötu 18, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu um lóðina nr. 18 við Hávallagötu. Samp. Gjald kr. 5,00
9. Sveinn Sigurðsson, Hávallagötu 20, sækir um leyfi til að gera girðingu úr steinsteypu um lóðina nr. 20 við Hávallagötu. Samp. Gjald kr. 5,00.
10. Barnavinafélagið Sumargjöf, Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja <sup>við</sup>hús félagsins Grænuborg við Hringbraut, 61,53 ferm. viðbyggingu úr timbri og asbestplötum. Samp. með þinglýstu skilyrði.



11. Óskar Smith, Laugaveg 144, sækir um leyfi til að gera útlits - og fyrirkomulagsbreytingar á húsi því er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 87 við Hringbraut, einnig að mega nota útgrafið rúm undir hluta af kjallaragólfi fyrir geymslu. Samp. Gjald kr. 15,00.
12. Sigursteinn Arnason, Hringbraut 161, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 161 við Hringbraut. Stærð 34,24 ferm. Frestað.
13. H/F Goði, Austurstræti 7, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á leigulóð félagsins milli nr. 207 og 209 við Hringbraut. Stærð 98,60 ferm. Samp. Gjald kr. 25,00.
14. Sigurmundur Guðnason, Laugaveg 13, sækir um leyfi til að byggja hús sitt, sem var nr. 4 við Reykjavíkurveg úr vikursteini, í stað timburs, eins og áður var samþykkt, á leigulóð sinni nr. 5 við Hrístateig. Jafnframt er óskað leyfis fyrir smávægilegum útlitsbreytingum. Frestað.
15. Guðbjartur Pétursson, Skólavörðustíg 3, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða viðbyggingu við garðhús í garðlandi nr. 2 við A - götu í Kringlumýri. Stærð 20,0 ferm. Samp. með þinglýstu skilyrði um að byggingin verði tekin burtu bænum að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður með þriggja mánaða fyrirvara. Gjald kr. 5,00.
16. Kjartan Thors, Laufásveg 70, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steini, stærð 31,83 ferm. og vermihús úr timbri stærð 9,45 ferm. á eignarlóð sinni nr. 70 við Laufásveg. Samp. Gjald kr. 13,00.
17. Gísli Guðlaugsson, Laugarnesveg 57, sækir um leyfi til að byggja forstofu úr timbri við hús sitt Laugarnesveg 57 Stærð 2,8 fer. Samp. Gjald kr. 5,00.
18. Ingibjartur Arnason, Leifsgötu 8, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr úr steinsteypu á lóð sinni nr. 8 við Leifsgötu. Stærð 21,42 ferm. Frestað.
19. Húsameistari ríkisins sækir f.h. ríkisstjórnarinnar um leyfi til að breyta búningsklefum við mentaskólann í Reykjavík og stækka þá um 35,61 ferm. Samp. Gjald kr. 27,00.
20. Ólafur Guðnason, Bjargarstíg 16, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðar - og verzlunarhús ásamt bílskúr á leigulóð sinni nr. 38 við Miðtún. Stærð 114,3 ferm. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð samþykktur á fundi nefndarinnar þ. 30. apríl 1942. Frestað.
21. Vélsmiðjan Héðinn H/F, Reykjavík, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á skrifstofubyggingu þeirri er félagið hefir í smíðum á lóð sinni nr. 2 við Seljaveg. Einnig er sótt um leyfi til að setja glugga út að lóð H/F Alliance, gegn þinglýstu leyfi þess félags og þinglýstri skuldbindingu um að fylla upp í þá ef þörf gerist eða H/F Alliance óskar þess. Samp. Gjald kr. 15,00.



22. Steinsteypan h/f Skúlagötu, sækir um leyfi til að gera útlits - og fyrirkomulagsbreytingar á vöru - og efnis - geymslu-húsi því er hún hefir í smíðum á leigulóð sinni við Vitatorg, og samþykkt var á fundi nefndarinnar 14. jan. s.l., og var þá flatarmál hússins 168,96 ferm. en verður nú 162,02 ferm. Samp. Gjald kr. 15,00.
23. Kexverksmiðjan Esja H/F, Þverholti, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr úr vikurholsteini á leigulóð sinni við Þverholt. Stærð 128,0 ferm. Samp. Gjald kr. 35,00.
24. Kol og Salt H/F, Reykjavík, sækir um leyfi til að breyta þaki á geymsluhúsi félagsins við Faxagötu. Samp. Gjald kr. 10,00.
25. Eftirtöldum manni veitt viðurkenning til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík :  
Trésmiður. Jóelsson,  
nr. 289 Kristján Jónsson, Skólavörðustíg 15.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Hörður Bjarnason Björns Bjarnason  
Sig. Pjetursson Pjetur Ingimundarson A. Sigurðsson.

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar 1. júlí 1943.

Endurskoðunardeild bæjarins.



Byggingarnefnd.

Ár 1943, fimmtudaginn 24. júní kl. 5 e.h., hélt byggingar-  
nefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Geir Jón Helgason, Njálsg. 52B, sækir um leyfi til að byggja sumarhúsið úr timbri á erfðafestulandi sínu Árbæjarbletti 66. Stærð 25,20 ferm. Samp. Gjald kr. 7,00.
2. Jón Pálsson, Útskálum v/Suðurlandsbraut sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikurholsteini á leigulóð sinni nr. 8 við Ásveg. Stærð 58,68 ferm. Frestað.
3. Sveinbjörn Sigurðsson, Laugav. 32, sækir um leyfi til að girða leigulóð sína nr. 7 við Bollagötu með steiptum garði að götu. Samp. Gjald kr. 5,00.
4. Markús Ísleifsson, Kirkjutorgi 6, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 8 við ónefnda götu í Eskihiðartúni. Stærð 84,0 ferm. frestað.
5. Jóhann Fr. Kristjánsson, Fjólugötu 25, sækir um leyfi til að gera viðbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 25 við Fjólugötu. Stærð 22,5 ferm. Frestað.
6. H/F Lýsi, Grandaveg, sækir um leyfi til að stækka lýsis -  
vinnsluhús sitt á lóð sinni við Grandaveg og ennfremur  
gera á því fyrirkomulagsbreytingar. Stækkunin nemur  
155,0 ferm. Frestað.
7. Ingólfur Guðmundsson, Kjartansgötu 1, sækir um leyfi til  
að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á eignarlóð  
sinni nr. 76 við Grettisgötu. Stærð 85,57 ferm. Synjað.
8. Diðrik Helgason, Reynimel 54, sækir um leyfi til að byggja  
tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu ásamt bifreiðarskúr á  
leigulóð sinni nr. 26 við Háteigsveg. Stærð 154,72 ferm.  
Frestað.
9. Hjörtur R. Björnsson, Holtsgötu 26, sækir um leyfi til að  
gera kjallara undir hluta af húsi sínu nr. 26 við Holts -  
götu, ennfremur að stækka það um 3,64 ferm. og gera á því  
útlits - og fyrirkomulagsbreytingar.  
Samp. með sama skilyrði og samp. var á fundi nefndarinnar  
11. júní 1942. Gjald kr. 15,00.
10. Sigursteinn Arnason, Hring. 161, sækir um leyfi til að  
byggja bílskúr úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 161  
við Hringbraut. Stærð 34,24 ferm. Frestað.
11. Framfærslunefnd Reykjavíkur, Reykjavík, sækir um leyfi  
til að byggja einlyfta viðbyggingu úr vikurholsteini, við  
íbúðarhúsið á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XXVI.  
Stærð 24,07 ferm. Samp.
12. Mekkinó Björnsson, Laugav. 33, sækir um leyfi til að  
breyta gluggum á götuhlið hússins nr. 33 við Laugaveg.  
Samp. Gjald kr. 5,00.



13. Sigurður Jónsson o.fl. Miðtún 36, sækja um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á leigulóð þeirra nr. 36 við Miðtún. Stærð 22,56 ferm. Samp. Gjald kr. 5,00.
14. Ólafur Guðnason, Bjarg. 16, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðar - og verzlunarhús ásamt bílskúr á leigu - lóð sinni nr. 38 við Miðtún. Stærð 114,3 ferm. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð, samp. á fundi nefndarinnar 30. apríl 1942. Frestað.
15. Halldór Ólafsson, Lindarg. 14, sækir um leyfi til að gera útlits - og fyrirkomulagsbreytingar á húsi því er hann hefir í smíðum á leigulóðinni nr. 112 við Njálsgötu. Frestað.
16. Helgi Helgason, Óðinsgötu 2, sækir um leyfi til að byggja bifreiðar - og geymsluskúr úr vikurholsteini á lóðinni nr. 2 við Óðinsgötu. Stærð 75,85 ferm. Samp. Gjald kr. 18,00.
17. Indriði Nielsson, Laugaveg 38, sækir f.h. Trésmiðjunnar h.f. um leyfi til að byggja tvílyft verksmiðjuhús úr steinsteypu á leigulóð sinni í Rauðarárholti ofan Suðurlands - brautar. Stærð 441,5 ferm. Frestað.
18. Samband ísl. samvinnufélaga, Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða geymsluskúr úr timbri á lóð sinni við Rauðarárstíg. Stærð 75,0 ferm. Synjað.
19. Richard Eiríksson, Samtún 4, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 4 við Samtún. Stærð 18,40 ferm. Samp. Gjald kr. 5,00.
3. Klemens Þórðarson, Garðastræti 4, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á lóð sinni nr. 4 við Garðastræti. Stærð 19,8 ferm. Frestað.
4. Bernhard Petersen, Háþéjarbletti v/ Kaplaskjólsvog, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu Skála, Háþéjarbl. við Kaplaskjólsvog. Samþykkt. Gjald kr. 17.00.
5. Hörður Haraldsson, Laugavegi 155, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikurholsteini á leigulóð sinni nr. 108 við Kleppsveg. Stærð 70,55 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 22.-.
6. Árni Grímsson, Njálsgötu 49, sækir um leyfi til að breyta þakbrún húss þess, er hann hefir í smíðum á leigulóð sinni nr. 32 við Langholtsveg. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
7. H. Biering, Laugavegi 6, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða-geymsluskúr úr hlöðnum steini á lóð sinni nr. 6 við Laugaveg. Stærð 52,0 ferm. Frestað.
8. Mjólkursamsalan, Fiskifélagshúsinu, Ingólfsstræti, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á Mjólkurhreinsunarstöð þeirri, er hún hefir í smíðum við Laugaveg 152. Samþykkt. Gjald kr. 20.00.
9. Axel Kristjánsson o.fl., Miklubraut 15, sækja um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsi því, er þeir hafa í smíðum á lóð þeirra nr. 15 við Miklubraut. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
10. Gunnar Bachmann, Miklubraut 22, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr vikurholsteini og svalir við hús sitt nr. 22 við Miklubraut. Stærð bílskúrsins 27.52 ferm. Samþykkt með þinglesnu skilyrði um, að taka megi, endurgjaldslaust, þríhyrnu af suðausturhorni lóðarinnar til rýmingar fyrir innkeypslu í bílskúr á lóðinni nr. 24 við Miklubraut. Gjald kr. 12.00.
11. Skógerðin h/f, Rauðarárstíg 15, sækir um leyfi til að byggja einlyfta viðbyggingu úr hlöðnum holsteini við verk-smíðjuhús félagsins á lóð þess nr. 15 við Rauðarárstíg. Stærð 139,33 ferm. Frestað.



12. Óskar Thorarensen, Fjölnisvegi 1, sækir f.h. Bifreiðarstöðvar Reykjavíkur um leyfi til að byggja tvílyfta verksmiðjubyggingu á leigulóð sinni nr. 21 við Skipholt, Starð 569,42 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 502.00.
13. Amundi Sigurðsson, Vesturgötu 9, sækir um leyfi til að byggja tvílyft verksmiðjuhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 23 við Skipholt. Starð 357,50 ferm. Samþykkt Gjald kr. 187,00.
14. Gunnar Guðnason, Mánagötu 1, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðar- og verksmiðjuhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 25 við Skipholt. Starð 240,0 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 163,00.
15. H/f. Hafnarhvoll, Tryggvagötu, sækir um leyfi til að byggja þakhæð úr steinsteypu ofan á hús félagsins við Tryggvagötu. Frestað.
16. Arni Benediktsson o. fl., Víðimel 30, sækja um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á leigulóð þeirra nr. 30 við Víðimel. Starð 45,0 ferm. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af bílskúr á sömu lóð, samþykktur á fundi nefndarinnar þ. 30 sept. 1943. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
17. Sigm. Halldórsson, o.fl., Víðimel 41, sækja um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 41 við Víðimel. Starð 25,50 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 6.00.
18. Baldvin Jónsson, Öldugötu 10, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr vikurholsteini við hús sitt nr. 10 við Öldugötu. Starð 23,12 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 6.00.
19. H.f. Keilir, Gelgjutanga, sækir um leyfi til að endurbyggja hús það, er félagið hefir flutt af lóðinni nr. 31 við Hörfungötu á leigulóð sóna á Gelgjutanga og stækka það um 18,89 ferm. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð samþ. á fundi nefndarinnar 27. maí 1943. Samþykkt. Gjald kr. 12.00.
20. Byggingarfulltrúi leggur til að eftirtalin hús við Laugaveg og Brautarholt, og áðurhafa verið talin við Suðurlandsbraut verði tölusettt sem hér segir :
- Hús Mjólkursamsölnunnar verði talið nr. 162 við Laugaveg
- |                        |   |   |   |     |   |             |
|------------------------|---|---|---|-----|---|-------------|
| - Páls Einarssonar     | - | - | - | 168 | - | -           |
| - Símonar Símonarsonar | - | - | - | 170 | - | - (Próttur) |
| - Bergs Hallgrímssonar | - | - | - | 172 | - | -           |
- Hús Magni h.f. verði talið nr. 26 við Brautarholt.  
Húsið, sem talið hefir verið nr. 8 við Brautarholt verði talið nr. 28 við sömu götu.  
Húsið, sem áður var talið nr. 10 við Brautarholt verði talið nr. 30 við Brautarholt. Samþykkt.
21. Byggingarfulltrúinn leggur til, að hús Þórarins Bjarnasonar við fyrirkhugaða framlengingu Nýlendugötu verði talið nr. 50 C við Vesturgötu. Samþykkt.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson.  
Björn Bjarnason.  
Hörður Bjarnason.

Pjetur Ingimundarson.  
A. Sigurðsson.

Sigurður Pjetursson.  
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Pannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar 4. nóv. 1943.

Endurskoðunardeild.



1943.

Byggingarnefnd.

Ár 1943, fimmtudaginn 11. nóvember hélt byggingar - nefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Hallgrímur Magnússon, Laugarásbl. VIII sækir um leyfi til að flytja hús sitt á erfðafestulandinu Laugarásbl. VIII á lóðina nr. 17 við Ásveg, og jafnframt stækka það um 6,15 ferm. Samp. Gjald kr. 10,00.
2. Henrik Thorarensen og Rannveig Ásgrímsdóttir, Bollagötu 1, sækja um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 1 við Bollagötu. Stærð 51,65 ferm. Samp. Gjald kr. 12.
3. Stefán Stefánsson, Grjótheimum við Kleppsveg, sækir um leyfi til að gera útlits - og fyrirkomulagsbreytingar á húsi því er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 18 við Hjallaveg. Samp. Gjald kr. 10,00.
4. Gunnar Hálfðánarson, Höfðaborg 64, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 58 við Hjallaveg. Stærð 63,75 ferm. Samp. Gjald kr. 36,00.
5. Nýja blikksmiðjan, Höfðatúni 6, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr og þakskýli úr timbri á lóðinni nr. 6 við Höfðatún. Stærð 166,8 ferm. Samp. Gjald kr. 25,00.
6. Guðmundur Ásbjörnsson og Sigurbjörn Þorkelsson, Laugaveg 1, sækja um leyfi til að gera útlits - og fyrirkomulags - breytingar á húsinu nr. 1 við Laugaveg. Samp. Gjald kr. 10,00.
7. H. Biering, Laugaveg 6, sækir um leyfi til að byggja bráða - birgða geymsluskúr úr hlöðnum steini á lóð sinni nr. 6 við Laugaveg. Stærð 52,0 ferm. Synjað.
8. Lúðvík Guðmundsson, Laugaveg 46, sækir um leyfi til að byggja tvílyfta vinnustofu úr steinsteypu á lóðinni nr. 48 B. við Laugaveg. Stærð 128,0 ferm. Synjað.
9. Guðmundur Grínsson, Laugaveg 60, sækir um leyfi til að byggja fjórlyft verzlunar - og íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 100 við Laugaveg. Stærð 222,44 ferm. Frestað.
10. Guðmundur Gamalíelsson, Lækjargötu 6, sækir um leyfi til að breyta gluggum á götuhlið hússins nr. 6 við Lækjar - götu. Samp. Gjald kr. 5,00.
11. Sigmar Kristinsson, Mánagötu 1, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr vikurholsteini á leigulóðinni nr. 1 við Mánagötu. Stærð 18,46 ferm. Samp. Gjald kr. 5,00.



12. Ársæll Sigurðsson, Nýlendugötu 13, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr úr "brunasteypu" á lóðinni nr. 13 við Nýlendugötu. Stærð 37,27 ferm. Samp. Gjald kr. 9,00.
13. Árni Jónsson, Nýlendugötu 21, sækir um leyfi til að stækka úr vikurholsteini verkstæðisbyggingu sína á lóð - inni nr. 21 við Nýlendugötu, um 46,74 ferm. Samp. með þinglesnu skilyrði um að stækkunin verði tekin burtu bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem krafist verður með 3 mánaða fyrirvara. Gjald kr. 14,00.
14. Árni S. Böðvarsson, Klöpp, Seltjarnarnesi, sækir um leyfi til að byggja einlyft frystihús úr steinsteypu á leigu - lóð sinni við Skerjafjörð. Stærð 700,0 ferm. Samp. enda verði húsið staðsett samkvæmt tilvísun bæjar - verkfræðings. Gjald kr. 443,00.
15. Húsameistari ríkisins, sækir f.h. Afengisverzlunar ríkisins, um leyfi til að byggja geymsluskúr úr ~~XXXXXXXXXX~~ sementsplötum á baklóð hússins Nýborg við Skúlagötu. Stærð 75,04 ferm. Samp. með skilyrði um að skúrinn verði tekinn burtu bænum að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður. Gjald kr. 23,00.
16. Daníel Ólafsson, Tjarnargötu 10, sækir um leyfi til að setja bakarofn á 1. hæð hússins nr. 10 við Tjarnargötu. Samp. Gjald kr. 5,00.
17. Rósa og Lilja Þórarinsdóttir, sækja um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr vikurholsteini á lóðinni nr. 8 við Unnarstíg. Stærð 18,41 ferm. Samp. Gjald kr. 5,00.
18. Jón Kjartansson, Vatnsstíg 11, sækir um leyfi til að gera fyrirkomulagsbreytingar á húsi því er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 11 við Vatnsstíg. Samp. Gjald kr. 10,00.
19. Geir Zoëga, Vesturgötu 10A, sækir um leyfi til að breyta gluggum á götuhlið hússins nr. 10A við Vesturgötu. Samp. Gjald kr. 5,00.
20. Gunnar Sigurðsson, Laugaveg 55, sækir um leyfi til að byggja viðbyggingu úr steinsteypu og timbri við hús sitt nr. 55 við Laugaveg. Ennfremur að gera á húsinu útlits - og fyrirkomulagsbreytingar. Stækkunin er 51,11 ferm. Synjað.
21. Oddur Ólafsson, Hraunteig 3, sækir um leyfi til að byggja hús það er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 3 við Hraunteig úr steinsteypu í stað timburs, og jafn - framt gera á því útlits - og fyrirkomulagsbreytingar. Samp. Gjald kr. 15,00.
22. Á fundi byggingarnefndar 25. júní 1942 voru misritaðar í fundargerð nefndarinnar liðir 32 - 36, stærðir húsa, er samp. voru á nafni Hólmgarðs h.f. við Miklubraut. Stærð húsanna er sem hér segir:



Miklabraut	22	56,14	fern.	í st:ð	47,84	fern.
-	24	54,21	-	-	46,21	-
-	26	54,21	-	-	46,21	-
-	28	54,21	-	-	46,21	-
-	30	56,14	-	-	47,84	-

Fundi slitið.

Tómas Jónsson  
borgarritari.

Guðmundur Ásbjörnsson

Pjetur Ingimundarson

Björn Bjarnason

Á. Sigurðsson

Sigurður Pjetursson.

Pannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar



## Byggingarnefnd.

Ár 1943, fimmtudaginn 25. nóvember hélt byggingarnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

### Fundarefni:

1. J.C. Klein, Baldursgötu 14, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr timbri á lóð sinni nr. 14 við Baldursgötu. Stærð 18,9 ferm. Synjað.
2. J.C. Klein, Baldursgötu 14, sækir um leyfi til að hækka skúr við bakhlið hússins nr. 14 við Baldursgötu um eina hæð. Samp. Gjald kr. 10,00.
3. Páll Sigurgeirsson, Hlíðarveg 15, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikurholsteini á leigulóð sinni nr. 8 við Efstasund. Stærð 103,83 ferm. Samp. Gjald kr. 30,00.
4. Magnús Gíslason, Brávallagötu 8, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikurholsteini á leigulóð sinni nr. 54 við Efstasund. Stærð 74,75 ferm. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð samp. á fundi nefndarinnar 13. ágúst 1942. Samp. Gjald kr. 20,00.
5. Árni Sigurðsson, Bragagötu 33A, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 22 við Háteigsveg. Stærð 93,05 ferm. Samp. Gjald kr. 74,00.
6. Ellert H. Ketilsson, Laugarnesveg 59, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikurholsteini á leigulóð sinni nr. 33 við Hjallaveg. Stærð 63,75 ferm. Samp. Gjald kr. 31,00.
7. Ásgrímur Ágústsson, Grettisgötu 54, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikurholsteini á lóðinni nr. 62 við Langholtsveg. Stærð 80,5 ferm. Samp. Gjald kr. 43,00.
8. Kristín Vigfúsdóttir, Laugarásbl. I, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr vikurholsteini á erfðafestulandinu Laugarásbl. I. Stærð 22,75 ferm. Samp. Gjald kr. 5,00.
9. Ólafur Magnússon, Laugaveg 24, sækir um leyfi til að byggja þrílyfta viðbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 24 við Laugaveg og jafnframt gera útlitsbreytingar á því. Stærð 136,47 ferm. Samp. Gjald kr. 152,00.
10. Þorbjörn Jóhannesson, Laugaveg 78, sækir um leyfi til að byggja tveggja hæða viðbyggingu úr steini við húsið nr. 78 við Laugaveg. Stærð 65,52 ferm. Frestað.
11. Torfi Guðbjörnsson, Laugaveg 98, sækir um leyfi til að breyta glugga á húsi sínu nr. 98 við Laugaveg. Samp. Gjald kr. 31,00.



12. Guðmundur Grímsson, Laugaveg 60, sækir um leyfi til að byggja þrílyft íbúðar - og verzlunarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 100 við Laugaveg. Stærð 222,44 ferm. Synjað.
13. Gústaf Ólafsson, Austurstræti 17, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 9 við Miklubraut. Stærð 116,6 ferm. Frestað.
14. Pétur H.J. Jakobsson, Rauðarárstíg 32, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 32 við Rauðarárstíg. Stærð 33,75 ferm. Samp. Gjald kr. 8,00.
15. Sveinn Jónsson, Barónsstíg 20, sækir um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 56 við Skúlagötu. Stærð 166,32 ferm. Samp. Gjald kr. 214,00.
16. Steinn J. Arnason, Þverholt 19, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða tímurskúr á lóðinni nr. 19 við Þverholt. Stærð 80,0 ferm. Synjað.
17. Ólafur Magnússon, Laugaveg 24, sækir um leyfi til að sameina lóðir sínar nr. 24 og 24A og 24C við Laugaveg í eina lóð, er verður þá 427,1 ferm. og verður talin nr. 24 við Laugaveg. Samp.
18. Eftirtöldum mönnum veitt viðurkenning til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:

Mírari:

nr. 127 Pétur Ó. Stephensen, Hringbraut 154.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson

Pétur Ingimundarson

Hörður Bjarnason

Sigurður Pjetursson

Björn Bjarnason

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar 2. des. 1943.

Endurskoðunardeild bæjarins.



BYGGINGARNEFND.

Ár 1943, fimmtudaginn 9. desember, kl. 5 e.h., hélt bygg-  
ingarnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16,

Fundarefni :

1. Kristján Jóhannesson, Efstasundi 32, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr vikurholsteini á leigulóðinni nr. 32 við Efstasund. Stærð 33,73 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 8.00.
2. Ísafoldarprentsmiðja h/f., Austurstræti 8, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu nr. 8 við Austurstræti. Samþykkt með þinglýstu skilyrði um, að breytingarnar hækki ekki söluverð eignarinnar, ef bæjarsjóður eða skipulagssjóður þurfa að kaupa eignina vegna skipulagsbreytingar. Gjald kr. 20.00.
3. Páll Magnússon, Bergstaðastræti 4, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á smiðju sinni á lóðinni nr. 1 við Bergstaðastræti. Frestað.
4. Ólafur H. Jónsson, Flókagötu 33, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi því, er hann hefir í smiðum á lóðinni nr. 33 við Flókagötu. Samþykkt. Gjald kr. 15.00.
5. Enok Ingimundarson, Hjallavegi 50, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu á lóðinni nr. 50 við Hjallaveg ( áður talið Laugarásbl. IV), enn fremur að stækka það um 24,67 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 28.--.
6. Bergþór Ólafsson, Theódórs, Klapparstíg 10, sækir um leyfi til að byggja einlyftan bráðabirgðaskúr úr timbri á lóð sinni nr. 10 við Klapparstíg. Stærð 67,0 ferm. Frestað.
7. Einar Sigurðsson, Steinum við Lágholtsveg, sækir um leyfi til að byggja einlyft bráðabirgða íbúðarhús úr holsteini á lóðinni Steinar v/ Lágholtsveg. Stærð 86,4 ferm. Samþ. með þinglýstu skilyrði um, að húsið verði tekið burtu, þænum að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður með 3ja mánaða fyrirvara. Gjald kr. 25,00.
8. H. Biering, Laugavegi 6, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða geymsluskúr úr hlöðnum steini á lóð sinni nr. 6 við Laugaveg. Stærð 49,71 ferm. Samþykkt með þinglýstu skilyrði um, að skúrin verði tekinn burtu, þænum að kostnaðarlausu, hvenær sem krafist verður með 3ja mánaða fyrirvara. Gjald kr. 15.00.
9. Guðmundur Grímsson, Laugavegi 60, sækir um leyfi til að byggja þrílyft íbúðar- og verzlunarhús úr steinstyppu á leigulóð sinni nr. 100 við Laugaveg. Stærð 222,44 ferm. Frestað.
10. Gústaf Ólafsson, Austurstræti 17, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinstyppu á leigulóð sinni nr. 9 við Miklubraut. Stærð 146,6 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 92.00.



11. Þorsteinn Jóhannesson, Firíksgötu 33, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 16 við Mjóuhlíð. Stærð 91,89 ferm. Frestað.
12. Guðmundur Guðjónsson, Laufásvegi 48, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 14 við Mjóuhlíð. Stærð 91,89 ferm. Frestað.
13. H/f. Ísaga, Rauðarárstíg 27, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi félagsins, baklóðinni nr. 27 við Rauðarárstíg. Samþykkt, Gjald kr. 15.--
14. Sami sækir um leyfi til að girða lóðina nr. 27 við Rauðarárstíg steiptum garði að götu. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.
15. H/f Hafnarhvoll, Tryggvagötu, sækir um leyfi til að byggja þakhæð úr steinsteypu ofan á hús félagsins við Tryggvagötu. Samþykkt. Gjald kr. 63,00.
16. Helgi Helgason, Þórsgötu 20, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu nr. 20 við Þórsgötu, hækka það um eina hæð og byggja við það 43,02 ferm. viðbyggingu úr steinsteypu. Synjað.
17. Steinn J. Árnason, Þverholti 19, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða-skúr úr holsteini á lóðinni nr. 19 við Þverholt. Stærð 80,0 ferm. Samþykkt með þinglýstu skilyrði um, að skúrin verði tekið burtu, þanum að kostnaðarlausu, hvenær sem krafist verður með 3ja mánaða fyrirvara. Gjald kr. 22,00.
18. Klemens Þórðarson, Garðastræti 4, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á lóð sinni nr. 4 við Garðastræti. Stærð 20,70 ferm. Samþykkt. Gjald kr. 5.00.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Björn Bjarnason.

A. Sigurðsson.

Hörður Bjarnason.

Pjetur Ingimundarson.

Sigurður Pjetursson.



Pannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar 16. desember 1943.

Endurskoðunardeild bæjarins.

Ar 1  
stú þaja  
1. Harald  
um ley  
hösi K  
sama h  
kr. 25  
2. Gullau  
byggja  
Frakka  
3. Sami st  
timbr  
4. Hallgr  
ad bygg  
vib Cr  
5. Gissur  
einlyf  
vib Hj  
6. Víkurf  
byggja  
sjald  
7. Hilmur  
einlyf  
steini  
ferm.  
8. Sigurj  
byggja  
nr. 60  
kr. 46  
9. Þuridur  
bráðab  
langav  
um að  
krakis  
10. Guðmun  
byggja  
leigul  
Samp.  
11. Hjólku  
brilyf  
á leig  
Samp.



Byggingarnefnd.

Ár 1943, 30. desember, hélt byggingarnefnd fund í fundar -  
stofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Haraldur Árnason, Austurstræti 22, sækir fyrir hönd K.F.U.M. um leyfi til að gera útlits - og fyrirkomulagsbreytingar á húsi K.F.U.M. nr. 20 við Austurstræti, ennfremur að stækka sama hús um 30,20 ferm. úr timbri og gleri. Samp. Gjald kr. 25,00.
2. Guðlaugur Guðlaugsson, Frakkastíg 26, sækir um leyfi til að byggja forstofuskúr úr vikurholsteini við hús sitt nr. 26 við Frakkastíg. Stærð 10,80 ferm. Samp. Gjald kr. 5,00.
3. Sami sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr úr steini og timbri á sömu lóð. Stærð 14,35 ferm. Samp. Gjald kr. 5,00.
4. Hallgrímur Sylveríusson, Grettisgötu 34, sækir um leyfi til að byggja einlyftan skúr úr vikurholsteini á lóð sinni nr. 34 við Grettisgötu. Stærð 32,0 ferm. Samp. Gjald kr. 9,00.
5. Gissur Sigurðsson, Hátúni 25, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikurholsteini á leigulóð sinni nr. 52 við Hjallaveg. Stærð 72,25 ferm. Samp. Gjald kr. 43,00.
6. Vikurfélagið H/F, Austurstræti 14, sækir um leyfi til að byggja reykhálf á verksmiðjuhús sitt við Hringbraut. Samp. Gjald kr. 5,00.
7. Hilmar Árnason, Langholtsveg 65, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu ásamt bílskúr úr vikurholsteini á leigulóð sinni nr. 16 við Hrístateig. Stærð 104,72 ferm. Samp. Gjald kr. 65,00.
8. Sigurjón Kristjánsson, Höfðaborg 50, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikurholsteini á leigulóð sinni nr. 60 við Langholtsveg. Stærð 92,89 ferm. Samp. Gjald kr. 46,00.
9. Þuríður Lange, Laugaveg 10, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða vinnuskúr úr steinsteypu á lóð sinni nr. 10 við Laugaveg. Stærð 20,91 ferm. Samp. með þinglýstu skilyrði um að húsið verði rífið bænum að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður með 3ja mánaða fyrirvara. Gjald kr. 6,00.
10. Guðmundur Grímsson, Laugaveg 60, sækir um leyfi til að byggja þrílyft íbúðar - og verzlunarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 100 við Laugaveg. Stærð 222,49 ferm. Samp. Gjald kr. 242,00.
11. Mjólkursamsalan, Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja þrílyfta verzlunar - og verkstæðisbyggingu úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 162 við Laugaveg. Stærð 906,15 ferm. Samp. Gjald kr. 692,00.



12. Þórður Sveinsson & Co, Hafnarstræti 10-12, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr holsteini á lóðinni nr. 5 við Njálsgötu. Stærð 16,87 ferm. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af breytingu bak-hússins á sömu lóð samþ. á fundi nefndarinnar 12. júní 1941. Samþ. Gjald kr. 10,00.
13. Helgi Helgason, Óðinsgötu 2, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á bílskúr og vinnu-stofu er hann hefir í smíðum á lóð sinni nr. 2 við Óðins-götu. Samþ. Gjald kr. 15,00.
14. Vilborg Karelisdóttir, Víðimel 35, sækir um leyfi til að stækka skúr þann er hún hefir í smíðum á lóðinni nr. 35 við Víðimel, úr vikursteini, um 1,32 ferm. Samþ. Gjald kr. 5,00.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson

borgarritari.

Guðm. Ásbjörnsson

Pjetur Ingimundarson Björn Bjarnas.

Hörður Bjarnason

Sigurður Pjetursson.

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar 13. janúar 1944.

Endurskoðunardeild.



Byggingarnefnd.

Ár 1944, 20. janúar kl. 5 e.h., hélt byggingarnefnd Reykjavíkur fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Einar Guðjónsson, Egilsgötu 16, sækir um leyfi til að byggja yfir svalir hússins nr. 16 við Egilsgötu. Samp. Gjald kr. 5,00.
2. Steinþór Ásgeirsson, Hringbraut 33, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigu - lóðinni nr. 46 við Hjallaveg. Stærð 83,09 ferm. Samp. Gjald kr. 45,00.
3. Guðsteinn Eyjólfsson, Laugaveg 34, sækir um leyfi til að byggja gróðurhús á erfðafestulandinu Kirkjuland (Hrísateigur 6). Stærð 90,0 ferm. Frestað.
4. Ingólfur Guðmundsson, Kjartansgötu 1, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 1 við Kjartansgötu. Stærð 38,01 ferm. Samp. Gjald kr. 9,00.
5. Þorbjörn Jóhannesson, Laugaveg 78, sækir um leyfi til að byggja tveggja hæða viðbyggingu úr steini við húsið nr. 78 við Laugaveg. Stærð 58,75 ferm. Frestað.
6. Þórarinn Sigurðsson, Miðtúni 30 sækir um leyfi til að hækka ris hússins nr. 30 við Miðtún. Samp. Gjald kr. 5,00.
7. Bogi Ólafsson, Miðtún 32, sækir um leyfi til að hækka ris hússins nr. 32 við Miðtún. Samp. Gjald kr. 5,00.
8. Sigurvin Einarsson, (Pósthólf 26) sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigu - lóðinni nr. 2 við Mjóuhlíð. Stærð 98,55 ferm. Samp. Gjald kr. 75,00.
9. Þorsteinn Einarsson, Grettisgötu 44, sækir um leyfi til að gera útlits - og fyrirkomulagsbreytingar á húsi því er hann hefir í smíðum á leigulóðinni nr. 28 við Rauðarárstíg. Samp. Gjald kr. 10,00.
10. Þorsteinn Einarsson, Grettisgötu 44, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 28 við Rauðarárstíg. Stærð 40,0 ferm. Samp. Gjald kr. 10,00.
11. Þorsteinn Einarsson, Grettisgötu 44, sækir um leyfi til að gera útlits - og fyrirkomulagsbreytingar á húsi því er hann hefir í smíðum á leigulóðinni nr. 30 við Rauðarárstíg. Samp. Gjald kr. 10,00.



12. Þorsteinn Einarsson, Grettisgötu 44, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á leigu - lóðinni nr. 30 við Rauðarárstíg. Stærð 37,2 ferm. Samp. Gjald kr. 10,00.
13. Pétur H.J. Jakobsson, Rauðarárstíg 32, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á leigu - lóðinni nr. 32 við Rauðarárstíg. Stærð 41,85 ferm. Jafnframt er fállður úr gildi uppdráttur af bílskúr á sömu lóð samþykktur á fundi nefndarinnar 23. nóv. 1943. Samp. Gjald kr. 10,00.
14. Bakameistarafélag Reykjavíkur, sækir um leyfi til að stækka úr vikurholsteini, alifuglahús sitt á erfða - festulandinu Sogamýrarbl. XLVI um 309,6 ferm. Samp. Gjald kr. 70,00.
15. Húsameistari ríkisins, sækir f.h. stjórnarráðsins um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á lóð Grænmetisverzlunar ~~XXXX~~ ríkisins við Sölvhólgötu og Ingólfsstræti. Stærð 42,75 ferm. Samp. Gjald kr. 17,00.
16. Sauðfjársjúkdómanefnd, Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja bráðabirgða bifreiðarskúr úr timbri á lóð ríkisins við ónefnda götu milli Lindargötu og Sölvhólgötu. Stærð 48,0 ferm. Samp. með þinglesnu skilyrði um að skúrinn verði tekinn burtu þanum að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður með þriggja mánaða fyrirvara. Gjald kr. 12,00.
17. Eftirtaldir menn sækja um leyfi til að standa fyrir húsamíði í Reykjavík.

Múrari:

nr. 128 Guðjón Benediktsson, Freyjugötu 25.

Trésmiður:

nr. 294 Ólafur Magnússon, Grettisgötu 50.

Samp.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson

Hörður Bjarnason

Á. Sigurðsson

Björn Bjarnason

Pétur Ingimundarson

Sig. Pjetursson.

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar 27. janúar 1944.

Endurskoðunardeild.



Byggingarnefnd.

Árið 1944, miðvikudaginn 9. febrúar kl. 5 e.h. hélt byggingarnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16. Nefndina skipa nú eftir kosningu bæjarstjórnar 3. þ.m.: Guðmundur Ásbjörnsson, Björn Bjarnason, Hörður Bjarnason og Ársæll Sigurðsson, auk borgarstjóra og slökkviliðsstjóra.

Fundarefni:

1. Þorvaldur Guðmundsson, Barónsstíg 51, sækir um leyfi til að byggja einlyftan þurkskúr við hús það, er hann hefir í smíðum á lóð sinni nr. 37 við Bergstaðastræti. Stærð 11. 76 fern. Samp. Gjald kr. 5,00.
2. Guðmundur Guðmundsson, Bjargarstíg 14, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr holsteini á lóðinni nr. 14 við Bjargarstíg. Stærð 26,25 fern. Samp. Gjald kr. 6,00.
3. Oddsteinn Gíslason, Lindargötu 28, sækir um leyfi til að byggja íbúðarhús það er hann hefir í smíðum á leigulóð sinni nr. 13 við Efstasund úr vikurholsteini í stað steinsteypu. Samp. Gjald kr. 5,00.
4. Indriði Nielsson, Laugaveg 38, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 43 við Flókagötu. Stærð 145,41 fern. Samp. Gjald kr. 105,00.
5. Samband ísl. samvinnufélaga, Sölfhólgötu, sækir um leyfi til að breyta stigum í vörugeymsluhúsi Sambandsins við Geirsgötu. Samp. Gjald kr. 5,00.
6. Guðmundur Þorkelsson, Kirkjuhvoli, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðar- og verzlunarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 30 við Hjallaveg. Stærð 112,50 fern. Frestað.
7. Guðmundur Ásbjörnsson, Fjölnisveg 9, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 1 við Laugaveg. Samp. Gjald kr. 10,00.
8. Lúðvík Guðmundsson, Laugaveg 46, sækir um leyfi til að byggja einlyft vinnustofu- og vörugeymsluhús úr vikurholsteini á lóðinni nr. 48 B. við Laugaveg. Stærð 191,20 fern. Samp. með þinglesnu skilyrði um að húsið verði tekið burtu þannum að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður með þriggja mánaða fyrirvara. Gjald kr. 68,00.
9. Sænsk - ísl. frystihúsið h/f., Ingólfsstræti 2, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi félagsins nr. 2 við Ingólfsstræti. Frestað.
10. Þorsteinn Jóhannesson, Eiríksgötu 33, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 14 við Mjóuhlíð. Stærð 90,94 fern. Synjað.



11. Guðmundur Guðjónsson, Laufásveg 48, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 12 við Mjóuhlíð. Starð 90,94 ferm. Synjað.
12. Steindórsprent h/f., Kirkjustræti 4 sækir um endurnýjun á byggingarleyfi fyrir fjórlyftu húsi úr steinsteypu á lóðinni nr. 4 við Tjarnargötu, samp. á fundi nefndarinnar 11. maí 1939 og endurnýjuðu á fundi nefndarinnar 10. des. 1942. Frestað.
13. Erlendur Erlendsson, Laugaveg 87, sækir um leyfi til að byggja þrílyft íbúðar- og veitingahús á lóð sinni nr. við Laugaveg. Starð 174,6 ferm. Samp. Gjald kr. 222.
14. Erlendur Erlendsson, Laugaveg 87, sækir um leyfi til að skifta úr lóðinni nr. 87 við Laugaveg 123,1 ferm. erleggist við lóð hans nr. 89 við Laugaveg. Verður þó lóðin nr. 87 við Laugaveg 319,4 ferm. og lóðin nr. 89 303,1 ferm. Lóðin nr. 89 við Laugaveg hefur gangrétt um 2,00 m. breiðan gang yfirvesturhluta lóðarinnar nr. við Laugaveg og lóðin nr. 87 við Laugaveg hefir sama gangrétt og þessutan um 2,00 m. breiðan gang yfir lóðin nr. 89 við Laugaveg. Samp.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Björn Bjarnason

Pjetur Ingimundarson A. Sigurðsson

Sigurður Pjetursson.

Pannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar 10. febrúar 1944.

Endurskoðunardeild bæjarins.



Byggingarnefnd.

Ár 1944, fimtugdaginn 24. febrúar, kl. 5 e.h. hélt byggingarnefndin fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Silli og Valdi, Aðalstræti 10, sækja um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsinu nr. 8 við Aðalstræti. Samp. Gjald kr. 5,00.
2. Ísafoldarprentsmiðja h.f. sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsinu nr. 10 við Austurstræti. Samp. enda breytti leyfi þetta engu um skilyrði fyrir fyrri byggingarleyfum á lóð þessari, um að húsið verði tekið burtu bænum að kostnaðarlausu. Gjald kr. 20,00.
3. Indriði Nielsson, Laugaveg 38, sækir f.h. Trésmiðjunnar H/Fm um leyfi til að hafa þak þess hluta hússins nr. 30 við Brautarholt, sem nú er í smíðum á "lektum". Samp. Gjald kr. 5,00.
4. Guðmundur Gíslason, Efstasundi 16, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr vikurholsteini á leigulóðinni nr. 16 við Efstasund. Stærð 40,0 ferm. Frestað.
5. Hjalti Lýðsson, Grettisg. 64m sækir um leyfi til að byggja neðanjarðar geymslu úr steinsteypu í bakhlíð hússins nr. 64 við Grettisgötu. Stærð 63,89 ferm. Samp. Gjald kr. 15,00.
6. Pétur Ketilsson, Baugsv. 7, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðar- og verzlunarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 2 við Háteigsveg. Stærð 182,85 ferm. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af húsi á sömu lóð samp. á fundi nefndarinnar 10. des. 1942. Samp. Gjald kr. 52,00.
7. Einar Jónsson, Hverfisgötu 90, sækir um leyfi til að byggja viðbyggingu við húsið nr. 32B við Hverfisgötu úr vikurholsteini. Stærð 11,55 ferm. Samp. Gjald kr. 6,-
8. Guðmundur Guðgeirsson, Hverfisg. 119, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóð sinni nr. 27 við Kambsveg. Stærð 73,62 ferm. Samp. Gjald kr. 28,00.
9. Axel Guðmundsson, Grettisg. 27, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikursteini á leigulóðinni nr. 26 við Langholtsveg. Stærð 62,30 ferm. Samp. Gjald kr. 36,00.
10. Sigurður Ólafsson, Berg. 66, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikursteini á leigulóðinni nr. 24 við Langholtsveg. Stærð 62,30 ferm. Samp. Gjald kr. 36,00.
11. Jóhann G. Sigurðsson, Baugsv. 3A, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóð sinni nr. 54 við Langholtsveg. Stærð 96,79 ferm. Frestað.



12. Sanitas h/f Lindargötu 9, sækir um leyfi til að byggja bifreiðar - og vörugeymsluhús úr steinsteypu við húsið nr. 9 við Lindargötu. Stærð 136,5 ferm. Synjað.
13. Þorbjörn Jóhannesson, Laugaveg 78, sækir um leyfi til að byggja tveggja hæða viðbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 78 við Laugaveg. Stærð 58,75 ferm. Frestað.
14. Þorkell Ingibergsson, Bragagötu 23, og Ingibergur Þor - kelsson Bjarkargötu 10, sækja um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 5 við Rauðarárstíg. stærð 109,35 ferm. Frestað.
15. Þorkell Ingibergsson, Bragagötu 23 og Ingibergur Þor - kelsson, Bjarkargötu 10, sækja um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 7 við Rauðarárstíg. Stærð 99,0 ferm. Frestað.
16. Þorkell Ingibergsson, Bragagötu 23 og Ingibergur Þor - kelsson, Bjarkargötu 10, sækja um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 9 við Rauðarárstíg. Stærð 99,0 ferm. Frestað.
17. Sigurður Sigurbjörnsson, Rauðarárstíg 26, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 26 við Rauðarárstíg. Stærð 40,0 ferm. Samp. Gjald kr. 11,00.
18. Þorbjörg Grímsdóttir, Skólavörðustíg 24A, sækir um leyfi til að gera útlits - og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu nr. 24A við Skólavörðustíg. Samp. Gjald kr. 10,00.
19. Hjörtur Jónsson, Melavöllum, Sogamýrarbl. XIV sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr holsteini á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XIV. Stærð 68,0 ferm. Samp. Gjald kr. 35,00.
20. Guðmundur Runólfsson, Höfðatún 8, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 9 við Sundlaugaveg. Stærð 90,0 ferm. Samp. Gjald kr. 69,00.
21. Höfðavík H/F, Sætúni, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi félagsins við Sætúni. Samp. Gjald kr. 10,00.
22. Steindórsprent H/F, Kirkjustreiti 4, sækir um endurnýjun á byggingarleyfi fyrir fjórlyft húsi úr steinsteypu á lóðinni nr. 4 við Tjarnargötu samp. á fundi nefndarinnar 11. maí 1939 og endurnýjuðu 10. des. 1942. Samp. Gjald kr. 5,00.
23. Þorgrímur Sigurðsson, Unnarstíg 6, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á lóð sinni nr. 6 við Unnarstíg. Stærð 19,56 ferm. Samp. Gjald kr. 5,00.
24. Sami sækir um leyfi til að byggja gróðurhús úr steinsteypu á lóð sinni nr. 6 við Unnarstíg. Stærð 39,0 ferm. Samp. Gjald kr. 11,00.
25. C. Olsen, Vesturgötu 2, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsinu nr. 2 við Vesturgötu. Samp. Gjald kr. 10,00.



26. Sænsk - ísl. - verzlunarfélagið, Skúlagötu 53 - 55 sækir um leyfi til að gera útlits - og fyrirkomulagsbreytingar á verksmiðjuhúsi sínu nr. 53 - 55 við Skúlagötu. Fræð.
27. Guðmundur Þorkelsson, Kirkjuhvoli, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðar - og verzlunarhús úr stein - steypu á leigulóðinni nr. 30 við Hjallaveg. Stærð 112,50 ferm. Synjað.
28. Sænsk ísl. frystihúsið H/F, Ingólfsstræti 2, sækir um leyfi til að gera útlits - og fyrirkomulagsbreytingar á húsi félagsins nr. 2 við Ingólfsstræti. Samp. Gjald kr. 15,00.

Fundi slitið.  
Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson  
Hörður Bjarnason  
Á. Sigurðsson

Björn Bjarnason  
Pétur Ingimundarson  
Sigurður Pétursson.

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar 2. marz 1944.

Endurskoðunardeild bæjarins.



Byggingarnefnd.

Árið 1944, fimmtudaginn 9. mars, kl. 5 e.h. hélt bygg-  
ngarnefnd fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

- Óli Valdimarsson, Hávallagötu 15, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikurholsteini á leigulóð sinni nr. 21 við Efstasund. Stærð 70,00 ferm. Samp. Gjald kr. 21,00.
- Guðsteinn Eyjólfsson, Laugaveg 34, sækir um leyfi til að byggja gróðurhús úr steinsteypu og gleri á erfðafestulandi sínu Kirkjulandi við Hrístateig. Stærð 90,0 ferm. Samp. með þinglesnu skilyrði um að húsið verði tekið burtu bænum að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður. Gjald kr. 18,-
- Einar A. Scheving, Samtúni 30, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús ásamt bílskúr úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 17 við Hrístateig. Stærð húss 83,83 ferm. Stærð bílskúrs 34,84 ferm. Samp. Gjald kr. 73,00.
- Hallur Hallsson, Laugamýrarbl. XXXV, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á viðbyggingu við hús sitt á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXXV, og jafnframt stækka nefnda viðbyggingu um 26,39 ferm. Byggingin verður gerð úr holsteini. Samp. með þinglesnu skilyrði um að viðbyggingin verði tekin burtu bænum að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður. Gjald kr. 19,00.
- Þorbjörn Jóhannesson, Laugaveg 78, sækir um leyfi til að byggja tveggja hæða viðbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 78 við Laugaveg. Stærð 58,75 ferm. Samp. Gjald kr. 34,-
- Bæjarsíminn í Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja skiftistöð úr steinsteypu á auðu svæði bak við nr. 45 við Laugaveg. Stærð 7,56 ferm. Frestað.
- Sanitas h/f, Lindargötu 9, sækir um leyfi til að byggja bifreiða- og vörugeymsluhús úr steinsteypu við húsið nr. 9 við Lindargötu. Stærð 136,5 ferm. Frestað.
- Guðm. Guðjónsson, Laufásveg 48, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 12 við Mjóuhlíð. Stærð 95,0 ferm. Samp. Gjald kr. 74,00.
- Þorsteinn Jóhannesson, Eiríksgötu 33, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 14 við Mjóuhlíð. Stærð 95,0 ferm. Samp. Gjald kr. 74,00.
- Þorkell Ingibergsson, o.fl., Bragagötu 23, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 5 við Rauðararstíg. Stærð 99,0 ferm. Frestað.



11. Þorkell Ingibergsson, ofl. Bragag. 23, sækja um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 7 við Rauðarárstíg. Stærð 109,35 ferm. Frestað.
12. Þorkell Ingibergsson, ofl. Bragag. 23, sækja um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 9 við Rauðarárstíg. Stærð 100,12 ferm. Frestað.
13. Sænsk-ísl-verzlunarfélagið, Skúlagötu 53-55 sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á verk-smíðjuhúsi sínu nr. 53-55 við Skúlagötu. Samp. Gjald kr. 20,00.
14. Sveinbjörn Kristjánsson, Hverfisgötu 39, sækir um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 60 við Skúlagötu. Stærð 126,03 ferm. Samp. Gjald kr. 163,00.
15. Haraldur Jónsson, Sogabl. XIV, sækir um leyfi til að endurbyggja úr holsteini alifuglahús sitt, á erfðafestu landinu Sogablettur XIV, og jafnframt að stækka fóður-geymslu hússins úr holsteini um 20,0 ferm. Samp. Gjald kr. 10,00.
16. Pétur Ingjaldsson, Ljósvallag. 12, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 41 við Sólvallagötu. Stærð 106,0 ferm. Frestað.
17. Daniel Ólafsson, Tjarnargötu 10, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu nr. 10 við Tjarnargötu. Frestað.
18. Björnsbakarí, Vallarstráti 4, sækir um leyfi til að gera steinloft yfir 1. hæð bakhússins nr. 4 við Vallarstráti. Frestað.
19. Þórarinn Kjartansson, Laugavegi 76, sækir um leyfi til að skifta úr lóð sinni nr. 76 við Laugaveg 1,0 x 3,15 m. til viðbótar við lóðina nr. 78 við Laugaveg. Samp.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðn. Ásbjörnsson

Björn Bjarnason

Pjetur Ingimundarson

A. Sigurðsson

Sigurður Pétursson.

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar 16. marz 1944.

Endurskoðunardeild bæjarins.



Byggingarnefnd.

Ár 1944, fimmtudaginn 30. marz, kl. 5 e.h. hélt byggingarnefnd fund í fundarstofu þéjarráðs, Austurstréti 16.

Fundarefni:

1. Silli og Valdi, Aðalstréti 10, sækja um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi sínu nr. 10 við Aðalstréti. Samp. Gjald kr. 10,00.
2. Þorgeir Gíslason, Bergþórugötu 13, sækir um leyfi til að byggja einlyfta viðbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 13 við Bergþórugötu. Starð 28,12 ferm. Samp. Gjald kr. 15,00.
3. Jón Magnússon, Brekkustíg 14B, sækir um leyfi til að byggja einlyfta viðbyggingu úr holsteini við húsið nr. 14B við Brekkustíg. Starð 36,37 ferm. Samp. Gjald kr. 10,00.
4. Þorkell Þorleifsson, Læk við Breiðholtsveg, sækir um leyfi til að byggja einlyfta viðbyggingu úr timbri við íbúðarhúsið Bústaðablett IX. Starð 48,61 ferm. Samp. Gjald kr. 24,00.
5. Guðmundur Halldórsson, Laugavegi 130, sækir um leyfi til að gera útlitsbreytingar á húsi því, er hann hefir í smíðum á lóðinni nr. 35 við Flókagötu. Samp. Gjald kr. 5,00.
6. Guðmundur Halldórsson, Laugavegi 130, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr vikurholsteini á lóð sinni, nr. 35 við Flókagötu. Starð 36,00 ferm. Samp. Gjald kr. 10,00.
7. Byggingarfélagið h/f, Hverfisgötu 117, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 39 við Flókagötu. Starð 114,3 ferm. Jafnframt er felldur úr gilli uppdráttar af húsi á sömu lóð samþykktur á fundi nefndarinnar 8. júlí 1943. Samp. Gjald kr. 10,00.
8. Páll Ó. Lárusson, Freyjugötu 34, sækir um endurnýjun á byggingarleyfi fyrir gróðurhús á lóðinni nr. 34 við Freyjugötu, samp. á fundi nefndarinnar 22. júní 1939. Samp. Gjald kr. 5,00.
9. Einar P. Kristjánsson, Freyjugötu 37, sækir um leyfi til að byggja geymsluskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 37 við Freyjugötu. Starð 19,44 ferm. Synjað.
10. H/F Keilir, Gelgjutanga, sækir um leyfi til að hlaða aðra hæð verksmáðabýggingar þeirrar er félagið hefir í smíðum að Gelgjutanga, úr vikurholsteini með timbur - lofti yfir, í stað steinsteypu er áður var samþykkt. Synjað.



11. Karl Lúðvíksson, Gunnarsbraut 32, sækir um leyfi til að byggja bílshúsið úr vikurholsteini á lóðinni nr. 32 við Gunnarsbraut. Stærð 30,0 fern. Samp. Gjald kr. 3,00.
12. Óskar Jóhannsson, Félkagötu 20, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi því er hann hefir í smíðum á leigulóð sinni, nr. 5 við Hjallaveg. Frestað.
13. Sigurður Kristjánsson, Bergsteinstreiti 28B, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni nr. 35 við Hjallaveg. Stærð 73,95 fern. Samp. Gjald kr. 38,00.
14. Holldór Guðlaugsson, Ingólfsstræti 19,, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 11 við Hólsveg. Stærð 85,50 fern. Frestað.
15. Sami sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 11 við Hólsveg. Stærð 24,79 fern. Frestað.
16. Dr. Alexander Jóhannesson, Hringbraut 157, sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 157 við Hringbraut. Stærð 22,10 fern. Samp. Gjald kr. 6,00.
17. Gústaf Þórðarson, Hrístateig 31, sækir um leyfi til að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á húsi því er hann hefir í smíðum á leigulóð sinni nr. 31 við Hrístateig. Samp. Gjald kr. 15,00.
18. Þjóðólfur Guðmundsson, Laugavegi 46, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikurholsteini á leigulóðinni nr. 29 við Kambsveg. Stærð 65,25 fern. Frestað.
19. Kristján Ásgeirsson, Braggötu 29, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikurholsteini á leigulóð sinni nr. 31 við Kambsveg. Stærð 74,43 fern. Synjað.
20. Sveinn R. Jónsson, Kringlumýrarbl. XV, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikurholsteini á erfðafestulandi sínu Kringlumýrarbletti XV. Stærð 98,50 fern. Samp. Gjald kr. 29,00.
21. Jóhann G. Sigurðsson, Baugsvogi 3A, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð sinni, nr. 54 við Lengholtsveg. Stærð 92,82 fern. Samp.
22. Bæjarsíminn í Reykjavík, sækir um leyfi til að byggja skrifstíð úr steinsteypu á auðu svæði bak við nr. 45 við Laugaveg. Stærð 7,56 fern. Frestað.
23. Gunnar Sigurðsson, Laugavegi 55, sækir um leyfi til að byggja hluta af framtíðarbyggingu, tvær hæðir úr steinsteypu á lóðinni nr. 55 við Laugaveg. Stærð 53,35 fern. Frestað.



24. Sani sækir um leyfi til að gera útlits - og fyrirkomu - lagsbreytingar á timburhúsinu nr. 55 við Laugaveg. Frestað.
25. Haraldur Salomonsson, Suðurgötu 15, sækir um leyfi til að byggja einlyfta verkstæðisbyggingu úr steinsteypu og vikurholsteini á lóðinni nr. 73 við Laugaveg. Stærð 97,40 fern. Samp.
26. Guðmundur Grímsson, Laugaveg 60, sækir um leyfi til að hækka bakhlíð húss þess er hann hefir í sníðum á leigulóðinni nr. 100 við Laugaveg um eina hæð. Synjað.
27. Þorvaldur Sigurðsson, Leifsgötu 4, sækir um endurnýjun á byggingarleyfi fyrir bílskúr á leigulóðinni nr. 4 við Leifsgötu samp. á fundi nefndarinnar 29. okt. 1942. Samp. Gjald kr. 5,00.
28. Sigmar Kristinsson, Mánagötu 1 sækir um leyfi til að setja svalir á vesturgötu hússins nr. 1 við Mánagötu. Ennfremur að byggja bifreiðar - og geymsluskúr úr steinsteypu og vikursteini við sama hús. Stærð 26,46 fern. Frestað.
29. Eggert Th. Jónsson, Óðinsgötu 32 o.fl. sækja um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 16 við Mjóuhlíð. Stærð 131,76 fern. Samp. Gjald kr. 103,00.
30. Jón Jónsson, Hringbraut 194, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 35A við Ránargötu. Stærð 77,68 fern. Samp. Gjald kr. 151,00.
31. Þorkell Ingibergsson, Bragagötu 23 og Ingibergur Þorkelsson Bjarkargötu 10, sækja um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 5 við Rauðarárstíg. Stærð 105,14 fern. Samp. Gjald kr. 103,00.
32. Þorkell Ingibergsson, Bragagötu 23 og Ingibergur Þorkelsson, Bjarkargötu 10, sækja um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 7 við Rauðarárstíg. Stærð 105,14 fern. Samp. Gjald kr. 103,00.
33. Þorkell Ingibergsson, Bragagötu 23 og Ingibergur Þorkelsson, Bjarkargötu 10, sækja um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 9 við Rauðarárstíg. Stærð 89,0 fern. Samp. Gjald kr. 101,00.
34. Eiríkur Guðnason, Oldugötu 28, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 142 við Sogaveg. Stærð 89,70 fern. Samp. sem bráðabirgðahús með skilyrðum bæjarráðs. Gjald kr. 28,--.



35. Pjetur Ingjaldsson, Ljósvallagötu 12, sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 41 við Sólvallagötu. Starð 106,0 fern. Samp. Gjald kr. 84,00.
36. Björnabekari, Vallarstræti 4, sækir um leyfi til að gera steinloft yfir l. hæð bakhússins nr. 4 við Vallarstræti. Synjað.
37. Margrét Rasmus, Málleysingjaskólanum, sækir um leyfi til að byggja gripahús úr tinbri murað í binding á skrifstofulandinu Þvottalaugabl. XI. Starð 192,2 fern. Jafnframt er felldur úr gildi uppdráttur af gripahúsi á sama landi samp. á fundi nefndarinnar 29. júlí 1943. Samp. með þinglesnu skilyrði, um að húsið verði tekið burtu af landinu þannig að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður. Gjald kr. 5,00.
38. Júlíus Kr. Ólafsson, Oldugötu 30, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 30 við Oldugötu. Starð 20,23 fern. Samp. Gjald kr. 5,00.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Asbjörnsson

Björn Bjarnson

Pjetur Ingimundarson

A. Sigurðsson



Byggingarnefnd.

Ár 1944, fimmtudaginn 13. apríl kl. 5 e.h. hélt byggingarnefnd fund í fundarstofu bæjarráðs, Austurstræti 16.

Fundarefni:

1. Bjarni S.Hólm, Miðstræti 8B, sækir um leyfi til að byggja einlyfta bráðabirgða vinnustofu úr holsteini á erfðafestulandinu Garðaholtsbletti IV. Stærð 70,0 ferm.  
Samb. með þinglestnu skilyrði um að húsið verði tekið burtu bænum að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður með þriggja mánaðar fyrirvara. Gjald kr. 36,00
2. Stefán Stefánsson, Grjótheimum v/Langholtsveg, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikurholsteini á leigulóð sinni nr. 18 við Hjallaveg. Stærð 87,15 ferm. Jafnframt eru felldir úr gildi uppdrættir af húsi á sömu lóð samb. á fundum nefndarinnar 30. sept.1943 og 11.nóv 1943. Samb. Gjald kr. 7,00
3. Guðm. Þorkelsson, Kirkjuhvoli, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús og verzlunarhús úr vikurholsteini á leigulóð sinni nr. 30 við Hjallaveg. Stærð 114,05 ferm. Synjað.
4. Svava Þórðardóttir, Steinholti v/Laugarásveg, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri ásamt bílskúr úr holsteini á leigulóð sinni nr. 60 við Hjallaveg. Stærð hússins 83,0 ferm. Stærð bílskúrs 24,78 ferm. Frestað.
5. Halldór Guðlaugsson, Ingólfsstræti 19, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 11 við Hólsveg. Stærð 74,7 ferm. Samb. Gjald kr. 39,00.
6. Sami sækir um leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 11 við Hólsveg. Stærð 24,79 ferm. Samb. Gjald kr. 5,00.



13-4-44

7. Kristófer Grímsson, Hraunteig 10, sækir um leyfi til að byggja gróðurhús úg gleri, á leigulóð sinni nr. 10 við Hraunteig. Stærð 34,16 ferm. Samp. Gjald kr. 7.00.
8. Einar Jónsson Hverfisgötu 90, sækir um leyfi til að hafa gólf í viðbyggingu þeirri er hann hefir í smíðum við husið nr. 32B við Hverfisgötu úr timbri í stað steinsteypu, sem áður var samþykkt. Samp. Gjald kr. 5.-
9. Haraldur Ögmundsson, Njálsgötu 73, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikursteini á leigulóð sinni nr. 9 við Kamsveg. Stærð 63,0 ferm. Samp. Gjald kr. 23.00.
10. Þjóðólfur Guðmundsson, Laugaveg 46, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikursteini á leigulóðinni nr. 29 við Kamsveg. Stærð 65,25 ferm. Samp. Gjald kr. 26.00.
11. Magnús Sggurðsson, Laugarásbl. XX, sækir um leyfi til að byggja einlyfta viðbyggingu úr steinsteypu við íbúðarhús sitt, Laugarásbl. XX. Stærð 70,0 ferm. Jafnframt að gera útlits- og fyrirkomulagsbreytingar á gamla húsinn. Frestað.
12. Júlíus E. Bjarnason, Njálsgötu 57, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóð sinni nr. 12 við Langholtsveg. Stærð 69,75 ferm. Samp. Gjald kr. 24.00.
13. Jóhannes Hannesson, Rauðarárstíg 24, sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr vikurholsteini við hús sitt nr. 24 við Rauðarárstíg. Stærð 52,25 ferm. Samp. Gjald kr. 12,00.
